

FRÉTTABLAÐ

25. ágúst 2008 — 230. tölublað — 8. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI 12 5000

MÁNUDAGUR


Meðfæddur áhugi
Magdalena Sigurðardóttir hlaut viðurkenningu fyrir skógrækt.
TÍMAMÓT 16

Fatahönnuður lýsir fótbolta
Sonja Bent lýsir Landsbanka-deildinni fyrir þýskan veðbanka.
FÓLK 30

Slekkur í fíflalátunum
Frank Höybye hefur snúið sér að bruna-vörnum.
FÓLK 30

Valsmenn enn með
Meistararnir nálguðust topplið Keflavíkur og lið FH í gær.
ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



VAXANDI VINDUR Í dag verður breytileg átt, 10-15 m/s vestan til, en annars 8-13 m/s. Rigning austan til fyrri part dags en eftir hádegis verður mesta úrkoman norðvestan og vestan til. Hiti á bilinu 8-12 stig.
VEÐUR 4

Silfurstrákarnir okkar

Ólafur Stefánsson, fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta, segir freistandi að hætta eftir að liðið fékk silfurverðlaun á Ólympíuleikunum. Framtíð Guðmundar Guðmundssonar sem þjálfara liðsins er óráðin.

PEKING Íslenska landsliðið í handbolta varð í öðru sæti á Ólympíuleikunum í gær en strákarnir töpuðu fyrir Frökkum með fimm marka mun í úrslitaleiknum. Leikurinn var aldrei spennandi og sigur Frakka sannfærandi og sanngjarn. Þetta var tímamótaleikur að mörgu leyti því þetta var hugsanlega kveðjuleikur þeirra Ólafs Stefánssonar og Sigfúsar Sigurðssonar. Framtíð Guðmundar Guð-

mundssonar þjálfara er einnig í óvissu en samningur hans við HSI hefur runnið sitt skeið. „Það má segja að ég sé hættulega sáttur. Það er vissulega freistandi að hætta núna og það gæti vel gerst,“ sagði Ólafur, en Guðmundur vildi ekkert ræða framtíð sína. Hann sagði næst á dagskrá að koma heim og faðma fjölskylduna sína. Það þarf ekki að fjölyrða um hvaða áhrif strákarnir okkar hafa haft á íslenskt þjóðfélag en hér í

Peking er einnig tekið rækilega eftir þessum magnaða árangri. Fjöldi erlendra fréttamanna hefur fylgst með liðinu síðustu daga og talað um að strákarnir okkar séu Óskubuskúævintýri Ólympíuleikanna í Peking, en leikunum var slitið í gær.
- hbg / sjá síður 4, 22 og 24



SILFURLOGI Íslenska landsliðið í handbolta staðfesti að það er meðal þeirra bestu í heimi þegar liðið tók við silfurverðlaunum á lokadegi Ólympíuleikanna í gær. Sigfús Sigurðsson og Logi Geirsson nutu augnabliksins á verðlaunapalli og komust að því að bitkrafturinn dugir ekki til að komast í gegnum silfurpeninginn.
FRÉTTABLAÐ/VILHELM

Færri nýnemar skrá sig á skipstjórnsvið en áður: Sjómennskan ekki lengur í tísku

MENNTAMÁL Töluverð fækkun hefur orðið á nýnemum á skipstjórnsviði. Fjöltækniskóla Íslands frá því í fyrra. Nú stunda um 60 nemendur nám í skipstjórnsfræðum en um 150 nemendur voru við nám í Stýrimannaskólanum þegar hann var upp á sitt besta. Vilbergur Magni Óskarsson, sviðstjóri skipstjórnsviðs,

segir aðsóknina í skólann vera nokkuð rokkandi en til lengri tíma litið hafi hún dregist saman. „Um tuttugu nýnemar hafa skráð sig í ár,“ segir Vilbergur. „Það eru margar ástæður fyrir því að aðsóknin er dræm. Það er heldur neikvætt umhverfi í sjávarútveginum í dag, samdráttur í kvóta og engin flutningaskip

skráð hér á landi. Sjómennskan er heldur ekki lengur í tísku.“ Fjöltækniskóli Íslands er eini skólinn á landinu sem býður upp á nám og réttindi í skipstjórn en námið tekur fjögur ár. „Það eru frekar eldri nemendur með starfsreynslu að baki sem sækja í þetta nám og almennt er lítið um brottfall,“ segir Vilbergur.
- kka

SUBWAY í fínu formi
Reykjavík • Kópavogi • Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum • Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði

-18-
Subway staðir um allt land

OPIÐ
til **20**
alla daga
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Caleido Handklæðaoafnar
TENGI
Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15
Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Sigprúður, verður ekki brjálað stuð á laugardaginn?

„Jeee, meeen!“

Glæsmarkaður til styrktar fátækum börnum og konum í Jemen verður haldinn í Perlunni á laugardaginn. Sigprúður Ármann er framkvæmdastjóri markaðarins.



LESTIN LOGAR Óvíst var í gær hvað olli sprengingunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Eldsvoði í Georgíu:

Kviknaði í olíu-flutningalest

GEORGÍA, AP Pykkan reykt lagði frá olíuflutningalesti í Georgíu í gær eftir að sprenging varð í henni og eldur braust út.

Ekki var ljóst hvað olli sprengingunni. Georgíumenn sögðust sumir telja hana hafa rekist á jarðsprengju og kenndu rússneska hernum um, en hann var nýfarinn af þessum slóðum.

Aðrir sögðu þó skotfæri, sem skilin voru þarna eftir, gætu hafa sprungið þegar lestin ók hjá.

Rússneski herinn fór frá stórum svæðum í Georgíu á föstudag, en er þó áfram í aðskilnaðarhéruðunum Abkasíu og Suður-Ossetíu og á umdeildu öryggissvæði við landamæri þeirra.

- gb

Dómaradeilan í Pakistan:

Stjórnarslit virðast líkleg

PAKISTAN, AP Fáeinum dögum eftir að Pervez Musharraf sagði af sér sem forseti Pakistans bendir margt til þess að slitna muni upp úr samstarfi ríkisstjórnarflokkanna.

Flokkarnir virðast ekki ætla að koma sér saman um hvort dómarar hæstaréttar, sem Musharraf rak úr embætti á síðasta ári, fái allir embætti sitt aftur. Asif Ali Zardari, leiðtogi Þjóðarflokks Pakistans, virðist óttast að þeir muni grafa upp gömul spillingsmál á hendur honum.

Einnig virðast flokkarnir eiga erfitt með að koma sér saman um hver verði arftaki Musharrafs. Zardari hefur gefið kost á sér.

- gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílvelta í Mývatnssveit

Ung kona með tvö börn velti jeppa í Mývatnssveit. Þau sluppu öll án teljandi áverka, að sögn lögreglu, en voru flutt á fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til aðhlýnningar.

2FRÉTTABLAÐIÐ25. ágúst 2008MÁNUDAGUR

Guðni Ágústsson mun ferðast kringum landið og halda opna fundi:

Heldur Borgarnesræðu sína

STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, verður á hringferð um landið næstu dagana þar sem hann ræðir við fólk og fyrirtæki á opnum fundum.

„Markmiðið er að hitta fólkið í landinu og ræða um hugsjónir og pólitík. Það er gott að byrja í Borgarnesi þar sem ég mun halda Borgarnesræðuna mína,“ segir Guðni.

„Ég mun gera það að aðalefni að ræða ónýta ríkisstjórn sem hefur aðgerðarleysi að markmiði og leggja fram lausnir sem við í Framsóknarflokki höfum gert hvað eftir annað.“

Ferðina segir Guðni skylduferð fyrir sig sem formann til að takast á við það stóra verkefni að ná styrkleika Framsóknar á ný.

„Ég vona að það verði vel mætt á fundina og svo hitti ég líklega einhverja á förnum vegi því ég verð mikið á ferðalagi.“

Fundirnir bera yfirskriftina „Tími aðgerða í efnahagsmálum er runninn upp“ og hefjast í dag kl. 20.30 í Félagsbæ við Borgarbraut í Borgarnesi. Einnig er ferðinni heitið í Skagafjörð, á Húsavík og Egilsstaði. Ferðinni lýkur síðan með fundi 1. september í Þingborg í Flóa-hreppi.

- vsp

REI tekur fullan þátt í Filippseyjaverkefni

Reykjavík Energy Invest mun taka fullan þátt í jarðhitaverkefni á Filippseyjum með Geysi Green Energy. Heildarfjárfesting mun verða rúmlega tíu milljarðar ef allt gengur eftir. Rannsóknir á jarðhitasvæði í landinu hefjast í september.

ORKUMÁL Yfirborðsrannsóknir hefjast á Biliran á Filippseyjum á vegum Biliran Geothermal Inc. strax í næsta mánuði. Biliran er að 40 prósentum í eigu Envent Holding Inc., sem er í eigu Geysis Green Energy og Reykjavík Energy Invest. Þegar rannsóknar- og nytjaleyfi var veitt í júlí var óvissa um hvort REI myndi taka þátt í verkefninu eftir að yfirborðsrannsóknum lyki. Nú stefnir allt í að dótturfyrirtæki REI og GGE muni fjármagna framkvæmdir fyrir um tíu milljarða króna á svæðinu. REI hefur fengið tilboð frá Alþjóðabankanum um fjármögnun.

REI og GGE stofnuðu dótturfyrirtækið Envent í fyrra til að annast jarðhitaverkefni á Filippseyjum. Stofnféð var 80 milljónir króna sem verður varið í yfirborðsrannsóknum. Þær hefjast í næsta mánuði eins og kom fram á blaðamannafundi sem haldinn var á Filippseyjum í gær. Þar kynnti Guðmundur F. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Envent og REI-verkefna í Eyjaálfi og Asíu, verkefnið fyrir blaðamönnum ásamt Sigrúnu Elsu Smáradóttur, borgarfulltrúa og stjórnarmanni í REI, og fulltrúa frá PNO-EDC, sem er stærsta orkufyrirtæki Filippseyja og GGE á 0,4 prósent hlut í.

Guðmundur upplýsti að rannsóknunum yrði lokið í maí árið 2009. Skili þær jákvæðum niðurstöðum munu tilraunaboranir hefjast sem munu kosta allt að einn og hálfan milljarð króna. Haft er eftir Guðmundi á þar-



ORKA REI og GGE eru að hefja forrannsóknir á Filippseyjum sem gæti skilað 100 megavatta virkjun innan fárra ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

REI. „Hins vegar höfum við fengið tilboð frá Alþjóðabankanum um fjármögnun þessa verkefnis eins og í Djíbúti.“

Þór Gíslason, stjórnarformaður Envent á vegum GGE, segir að samningur um rannsóknir sé í höndum Biliran Geothermal sem Envent á 40 prósent hlut í á móti þarlandum fjárfestum. „Útlendingar mega ekki eiga meiri réttindi á auðlindinni. Framhaldið hefur ekki verið ákveðið en GGE hefur fullan hug á að halda áfram ef niðurstöður forrannsókna verða jákvæðar.“

svavar@frettabladid.is

Beitti Taekwondo til að verjast líkamsárás á menningarnótt:

Nefbraut tvo af árásarmönnunum

LÖGREGLUMÁL „Það eina sem mig langar að segja er að krakkar ættu að læra sjálfsvarnariþróttir,“ segir Ólafur Ásgrímsson. Ólafur og eiginkona hans urðu fyrir fólkskulegri árás á leið heim úr bænum á menningarnótt.

„Við hjónin vorum að labba í Austurstræti þegar skyndilega var sparkað í bakið á mér og ég datt niður. Svo stóð ég bara upp og tók til minna ráða,“ segir Ólafur, sem er fertugur að aldri.

Hópur ungna manna reyndi að taka veskið af konu Ólafs. „Þeir voru fimm saman og tveir þeirra þurftu að fara á slysavarðstofu eftir þetta. Svo hljóp ég þann sem var með veskið uppi, alveg brjál-ður.“

Fjöldi fólks var í Austurstræti þegar árásin átti sér stað. „Það skipti sér enginn af þessu,“ segir Ólafur. Hann segir að verr hefði farið, hefði hann ekki lært Taekwondo-sjálfsvarnartækni þegar hann var yngri.

Mennirnir voru illa farnir eftir viðskiptin við Ólaf. Lögreglunenn fylgdu þeim upp í sjúkrahúsið og á slysavarðstofuna. „Ég náði að nef-brjóta tvo og marði svo lærið á einum,“ segir Ólafur.

Mennirnir hafa ekki kært Ólaf til lögreglu.

- sgj

Flugslys í Kirgisístan:

Heilt handboltalið fórst

KIRGISISTAN, AP Farþegaflugvél fórst skömmu eftir flugtak í Kirgisístan í gær. Níutíu manns voru um borð í vélinni, en svo virtist í gær sem 25 manns hafi lifað af slysið.

Vélin var af gerðinni Boeing 737 og var ferð hennar heitið til Írans. Meðal þeirra sem fórust var heilt handboltalið úr framhaldsskóla í Kirgisístan.

Vélin hrapaði eftir að hafa flogið aðeins 10 kílómetra frá flugvellinum í höfuðborginni Bishkek.

Misvisandi fregnir bárust af því frá stjórnvöldum hver orsök slyssins gæti hafa verið.

- gb

Endurskoðun stjórnarskrár:

Vinna hefst líklega á nýju ári

STJÓRNMÁL Líklegt er að áframhaldandi endurskoðun stjórnarskrárinnar hefjist í ársbyrjun 2009. Málið bar á góma á fundi formanna stjórnsmála-flokkanna á föstudag.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að endurskoðun stjórnarskrárinnar verði haldið áfram á kjörtímabilinu og áhersla lögð á að leiða til lykta ágreining um þjóðareign á náttúruauðlindum.

Sérstök stjórnarskrárnefnd var að störfum á síðasta kjörtímabili. Segist Geir H. Haarde forsætisráðherra búast við að vinnan geti haldið áfram upp úr áramótum. Þó sé óákveðið með hvaða hætti það verði. „Um það þurfa flokkarnir að hafa samstarf,“ sagði Geir.

- bps

Kapólskur prestur:

Fegurðarsamkeppni nunna

ÍTALÍA, AP Kapólski presturinn og guðfræðingurinn Antonio Rungi ætla í næsta mánuði að efna til fegurðarsamkeppni fyrir nunnur. Keppnin verður þó eingöngu á Netinu og vettvangurinn verður blogg síða prestsins.

„Nunnur eru dálítið einangraðar, þær eru svolítið utanveltu í kirkjulífinu,“ sagði Rungi eftir að ítalskir fjölmiðlar birtu fréttir af framtaki hans. „Þetta verður tækifæri til að gera framlag þeirra sýnilegra.“

Kapólskum Ítölum sýnist stíthvæð um þetta uppátæki. Bandalag kapólskra kennara segir prestinn gera lítið úr hlutverki nunna.

- gb

Íbúasamtök vilja útisundlaug:

Útisundlaug við Sundhöllina

SKIPULAGSMÁL Íbúasamtök 3. hverfis - Hlíða, Holta og Norður-mýrar vilja að byggð verði útisundlaug sunnan við Sundhöllina í Reykjavík. Á vef samtakanna, hlidar.com, er að hafin undirskriftasöfnun með hvatningu til borgaryfirvalda þessa efnis.

Stjórnir Íbúasamtaka 3. hverfis og Íbúasamtaka miðbæjarins hafa báðar ályktað um þessi mál og sent áskorun til borgaryfirvalda. Í grein formanna samtakanna á vef 3. hverfis segir að hugmynd um útisundlaug hafi verið rædd í 65 ár. Borgaryfirvöld hafi ætíð verið jákvæð gagnvart slíkum hugmyndum þó að hvergi sé að finna samþykkt um að hefjast handa við verkið.

- ovd

Tilboð sem eru algjört bíó!

6x í Bíó!
- og 2.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. með
öllum simatíl-
boðum Nova!



Nokia 6120
útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



Sony Ericsson K660i
útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



Samsung L760
útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímann og færð 2.000 kr. simnotkun á mánuði í 12 mánuði – þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann. Að auki fylgir Bíokort Nova – 6x frítt í bíó með öllum simatílboðum í áskrift og frelsi. Skiptu núna!

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

HANDKNATTLEIKSLIÐ ÍSLANDS Á ÓLYMPIÚLEIKUNUM



LIÐIÐ FAGNAR SILFRI Íslenska landsliðið er meira en bara handknattleiksmennirnir sem fengu að taka á móti silfurpeningunum í Peking. Með hópnum fylgdi þjálfari og aðstoðarþjálfarar, læknir og sjúkrapjálfi, sem allir eiga sinn skerf í velgenginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Móttökuathöfn fyrir strákana okkar á miðvikudag:

Landsmenn fá að fagna liðinu

„Þetta er fyrst og fremst hugsað þannig að landsmenn fái tækifæri til að fagna landsliðinu þegar það kemur heim,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri um fyrirhugaða móttökuathöfn fyrir íslenska landsliðið í handknattleik sem á miðvikudaginn kemur heim af Ólympíuleikunum í Peking í Kína.

Ríkisstjórnin stendur fyrir móttökuathöfninni. Hanna Birna segist hafa rætt málið við menntamálaráðherra og lýst áhuga borgarinnar á að taka þátt í móttökunum. Nú sé unnið að málinu í

ráðuneytinu í samstarfi við Reykjavíkurborg. Hún á von á að það skýrist síðar í dag hvar hátíðarhöldin verða. „Menn hafa haft sérstakan augastað á miðborginni en nákvæm staðsetning er eitt-hvað sem verið er að vinna með.“

Strákarnir voru dyggilega studdir af nokkrum fjölda Íslendinga í lokaleikum gegn Frökkum. Þar á meðal voru forsetahjónin, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Björgólfur Thor Björgólfsson sem kom ásamt Kristínu Ólafsdóttur konu sinni.

- ovd



HANDKNATTLEIKSLANDSLIÐIÐ Móttökuathöfn verður fyrir landsliðið á miðvikudaginn þegar það kemur heim af Ólympíuleikunum í Peking.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorgerður Katrín fékk blóm frá landsliðsfyrirliðanum:

Greip vöndinn með augun full af tárum

Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir brosti allan hringinn eftir leikinn gegn Frökkum í gær. Hún hélt á blóm-vendi sem Ólafur Stefánsson hafði fært henni að lokinni verðlaunaafhendingu.

„Hann kom hlaupandi hendi og kastaði þeim til mín. Ég náði að grípa vöndinn með augun full af tárum. Það er mikill heiður að fá þennan blómvönd frá landsliðsfyrirliðanum,“ sagði Þorgerður Katrín sem er afar stolt af strákunum.

„Þetta er stórkostlegt afrek hjá strákunum. Stolt er ekki nógu stórt orð til þess að lýsa þeim tilfinningum sem maður ber í garð strákanna. Þeir eru búnir að vera einstakir. Þeir eru miklar fyrirmyndir, líkamlega og andlega. Þessi silfurpeningur sem við vorum að fá tel ég að sé verðmætasti silfurpeningur sem við munum nokkurn tímann fá því skilaboðin eru: haldið áfram í íþróttum. Fyrirmyndirnar eru til staðar. Skemmri tíma áhrifin eru gleðin en lengri tíma áhrifin eru vonandi þau að við höldum börnunum okkar lengur í íþróttum. Þetta er besta átak sem við gátum



MENNTAMÁLARÁÐHERRA OG ÞJÁL-ARINN Þorgerður var yfir sig stolt yfir árangri strákanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fengið varðandi íþróttir og heilsuefningu,“ sagði Þorgerður Katrín en verður ekki að setja meiri peninga í handboltann á Íslandi í kjölfar þessa árangurs?

„Ég ætla ekki að lofa neinu núna en bæði þjóðin og ríkisstjórnin verður að gera sér grein fyrir því að svona árangur næst ekki fyrirhafnarlaust. Það hefur kostað mikinn svita og pening að komast hingað og við verðum að horfast í augu við það að við verðum að hjálpa þeim. Það er ljóst.“

- hbg

Gengi landsliðsins hefur áhrif:

Uppgangur í velgengni

„Ég trúir ekki öðru en að áhuginn muni aukast mikið,“ segir Guðmundur Ingvarsson, formaður Handknattleikssambands Íslands, HSÍ, spurður um hvaða áhrif gengi íslenska handknattleikslandsliðsins á Ólympíuleikunum hefur.

„Við munum örugglega sjá mikið af ungu fólki byrja að æfa í haust því alltaf þegar við stöndum okkur vel á stórmótum þá eykst áhuginn á handboltanum í kjölfarið,“ segir Guðmundur og telur að áhrifin verði ekki aðeins í handboltanum heldur muni þetta auka áhuga ungs fólks á íþróttum almennt.

- vsp



GUÐMUNDUR INGVARSSON

STÓRKOSTLEGUR ÁRANGUR

„Strákarnir okkar“ hlutu silfur í Peking sem er einstakur árangur. Þetta er í fjórða sinn sem Íslendingar hljóta verðlaun á Ólympíuleikum og í fyrsta sinn sem Ísland fær verðlaun í hópíþrótt.


Vilhjálmur Einarsson varð fyrstur Íslendinga til þess að fá verðlaun á Ólympíuleikum er hann náði í silfur í þristökki í Melbourne árið 1956. Bjarni Friðriksson fékk brons í júdó árið 1984 og Vala Flosadóttir fékk einnig brons í stangarstökki í Sydney árið 2000.

Þessi árangur strákanna hefur skráð þá rækilega á spjöld íslenskrar íþróttasögu en þetta eru þess utan fyrstu verðlaun Íslands á stórmóti í handbolta.

Áður en silfuverðlaunin voru í höfn hafði íslenska landsliðið í handbolta tvisvar áður komist í undanúrslit á stórmóti – á ÓL í Barcelona árið 1992 og á EM í Svíþjóð árið 2002 – en hafnaði í bæði skiptin í fjórða sæti.

Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

Allt sem þú þarft...



...alla daga

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeisdóttir
Veður-
fréttamaður

VONSKUVEÐUR
Það er lægð sem mun fara yfir landið næsta sólarhringinn ásamt myndarlegu úrkomusvæði og því mun rigna í flestum landshlutum einhvern tímann í dag eða í kvöld. Lægðinni fylgir einnig talsverður vindur og er því ráðlegt að huga að dotti og húsgögnum sem eru utandyra.

Á MORGUN
Suðaustan, víða 5-8 m/s.

MIÐVIKUDAGUR
Suðaustan, 3-8 m/s.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	19°
Ósló	19°
Stokkhólmur	19°
Gautaborg	20°
London	21°
París	23°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	21°
Berlín	21°
Alicante	30°
Mallorca	31°
Basel	23°
Eindhoven	21°
Las Palmas	24°
New York	29°
Orlando	33°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegis.

Afnemum VSK

af öllum ritföngum
og skólatöskum



Gildir til 28. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Sóttir þú einhvern viðburða menningarnætur?

Já	24,2%
Nei	75,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ert þú sátt(ur) við silfrið?

Segðu skoðun þína á vísli.





GLÆSILEG FLUGELDASÝNING Flugeldar lýstu upp Fuglshreiddið, eins og Ólympíuleikvangurinn í Kína er jafnan nefndur.

NORDICPHOTOS/AFP

Ólympíuleikunum lokið:

Kína kveður með glæsibrag

KÍNA, AP Mikið var um dýrðir á lokahátíð Ólympíuleikanna í Peking í gær, þar sem íþróttastjórnur og listamenn létu ljós sitt skína milli þess sem flugeldum var skotið upp.

Ólympíufáninn var afhentur Boris Johnson, borgarstjóra í London, þar sem leikarnir verða haldnir næst árið 2012. Bill Morris, sem hefur fengið það verkefni að skipuleggja Ólympíuleikana í London, segir að ekki verði reynt að slá Kínverjum við, heldur verði áherslan á „einfaldleika, æsku og íþróttir“, leikarnir verði „fyrirferðarmiklir eins og London, góð afþreying og skemmtun“.

- gb

TASKI



Bjarnþór Þorláksson, bilstjóri hjá RV

Gólfþvottavélar á rekstrarleigu

Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.

- TASKI swingo XP
- TASKI swingo 3500 B
- TASKI swingo 1250 B
- TASKI swingo 750 B

TASKI swingo gólfþvottavélar

Einfaldar í notkun - liprar og leika í höndunum á þér

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhási 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RVUNIQUE © 2020

6

FRÉTTABLAÐIÐ

25. ágúst 2008 MÁNUDAGUR

Landsþing bandaríska Demókrataflokksins hefst í Denver:

Eiginkona Obama í ræðustól

BANDARÍKIN, AP Landsþing bandaríska Demókrataflokksins hefst í dag í Denver í Colorado. Þar verður Barack Obama formlega útnefndur forsetaefni flokksins í kosningunum, sem haldnar verða í byrjun nóvember.

Í kvöld er það Michelle Obama, eiginkona forsetaframbjóðandans, sem verður aðalræðumaður. Einnig verður Edward M. Kennedy öldungadeildarþingmaður, sem talinn er eiga stutt eftir ólifað vegna heilaæxlis, heiðraður þetta fyrsta kvöld. Þingið stendur fram á fimmtudag, en meðal annarra ræðumanna verða varaforsetaefnið Joe Biden, sem talar á miðvikudagskvöld, og



UNDIRBÚNINGUR LANDSPINGS Leyniþjónustumaður fylgdist með undirbúningi landsþingsins um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hillary Clinton, sem flytur sína ræðu annað kvöld. Á fimmtudaginn tekur Obama síðan við útnefningunni á knattspyrnuvelli í Denver.

Landsping Repúblikanaflokksins hefst svo í St. Paul í næstu viku, þar sem athyglinni verður beint að John McCain, keppinauti Obama um forsetaembættið.

McCain reyndi þó sitt besta til að ná athyglinni strax í gær með nýrri sjónvarpsauglýsingu þar sem gefið er í skyn að Obama hafi svikið Hillary Clinton með því að velja Joe Biden með sér í slaginn, frekar en hana.

Með auglýsingunni vonast liðsmenn McCains til þess að etja stuðningsfólki Hillary á móti stuðningsmönnum Obama á landsþinginu.

- gb

Flugeldar menningarnætur:

Kostuðu tvær milljónir króna

MENNING „Þetta kostaði tvær milljónir,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar um kostnað við flugeldasýningu menningarnætur.

„Við hjá Orkuveitunni setjumst yfir þetta með Reykjavíkurborg og Landsbjörg á nokkurra ára fresti og förum yfir kostnað og umfang af sýningunni. Núna er í gildi samningur sem gerður var í fyrra um kostnað upp á tvær milljónir,“ segir Eiríkur.

Ef vilji er til að fara fram úr kostnaðaráætluninni er sérstaklega samið um það að sögn Eiríks, en ekki kom til þess í ár.

- vsp

Borað fyrir 13 milljarða

Orkuveitan semur við Jarðboranir um að bora á Hengilssvæðinu fyrir 13,3 milljarða á næstu árum, alls fimmtíu holur vegna stækkunar Hellsheiðarvirkjunar og vegna Hverahlíðarvirkjunar. Þriðjungur tilboðsins er valkvæður. Hægt er að bora fyrir Bitruvirkjun innan samningsins, segir forstjóri Orkuveitunnar.

IGNAÐUR Orkuveita Reykjavíkur hefur tekið 13,34 milljarða tilboði Jarðborana í einar 50 holur á Hengilssvæðinu.

Tilboð Jarðborana, sem er í raun eina innlenda fyrirtækið sem sérhæfir sig í borunarverkefnum af slíkri stærðargráðu, var eina tilboðið sem barst og hljóðaði upp á 90 prósent af kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar, segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar.

Tilboðið snýst um boranir á 35 háhitaholum og 15 niðurrennslisholum. Fyrir utan virðisaukaskatt reiknast kostnaður Orkuveitunnar sem um það bil tíu milljarðar. Þar af er fyrirtækið skuldbundið til að greiða 6,4 milljarða, sem fara í boranir á næsta ári og árið 2010. Þær boranir eru fyrir 20 háhitaholum og 12 niðurrennslisholum.

Þessar boranir eru þáttur í stækkun Hellsheiðarvirkjunar og byggingu Hverahlíðarvirkjunar. Borað er fyrir fjórum túrbínum, tveimur í hvort verkefni.

En eftir standa 3,6 milljarðar sem fara í 15 háhitaholur og 3 niðurrennslisholur.

„Og það eru framkvæmdir sem eru valkvæðar, við getum farið í þær þegar við viljum,“ segir

Nú ef Bitruvirkjun fer svo af stað, þá getum við gert það innan samningsins. En það er okkar mál að ákveða það.

HJÖRLEIFUR B. KVARAN
FORSTJÓRI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Hjörleifur. Þetta sé ekki fyrirframgreiðsla, því Orkuveitan sé ekki skuldbundin til að bora.

„Við buðum út boranir fyrir sjö túrbínur. En þegar Bitruvirkjun var frestað þurfum við ekki svona mikið af holum. Nú ef Bitruvirkjun fer svo af stað, þá getum við gert það innan samningsins. En það er okkar mál að ákveða það,“ segir Hjörleifur. „Við getum notað þennan samning næstu fimm eða tíu árin, allt eftir því hvað við viljum bora mikið.“

Mat á umhverfisáhrifum, fyrir hvora framkvæmd, gerir ráð fyrir öllum þessum borunum, að sögn Hjörleifs.

klemens@frettabladid.is



Nú ef Bitruvirkjun fer svo af stað, þá getum við gert það innan samningsins. En það er okkar mál að ákveða það.

HJÁ HELLSHEIÐARVIRKJUN Nú stendur til að stækka virkjunina talsvert og reisa Hverahlíðarvirkjun í næsta nágrenni. Enn er þó óvíst hvað verður um Bitruvirkjun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÚTILEGUMENN Á HENGILSSVÆÐINU

Sögur lifa af útilegumönnum sem bjuggu í helli á Hengilssvæðinu í kringum aldamótin 1700. Þeir eiga að hafa verið skipverjar, sunnan úr Höfnum, sem höfðu verið reknir fyrir niðingsverk.

Ekki er vitað hve lengi útilegumennirnir höfðust við í hellinum. Talið er að með körlunum, sex til sjö talsins, hafi verið tvær konur. Þau munu hafa stolið sauðfé frá bændum í Grafningi og Ölfusi. Bændurnir tóku því lögín í eigin hendur og myrtu útlagana, ýmist vestan í Henglinum eða og á Mosfellsheiði. Konurnar voru fangaðar „eftir mikið viðnám“, segir á þessari heimasíðu um svæðið:



Loftslagsráðstefna SP í Gana:

Kolefnisjafnað sjónvarpsáhorf

UMHVERFISMÁL Loftttegundir sem finnast í flatskjáum eru líklegar til að bæstast á lista Sameinuðu þjóðanna yfir loftttegundir sem berjast þarf gegn vegna gróðurhúsaáhrifa. Þetta kom fram á þingi Loftslagsskrifstofu SP í Gana á föstudag.

Nitur, trífúoríð og aðrar skyldar tegundir eru þær loftttegundir sem SP vilja setja á listann. Þó eru tegundirnar einungis um 0,3 prósent af losun gróðurhúsalofttegunda. „Mér finnst þetta vera góð hugmynd,“ sagði Yvo de Boer, yfirmaður loftslagsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna um þessa nýju hugmynd.

- vsp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fíkniefni og ölvunarakstur

Tveir menn voru teknir grunaðir um ölvunarakstur á Akranesi í fyrrinótt. Einnig fundust fíkniefni í íbúð, en nágrannar höfðu kvartað undan lykt á stigangangi og eiturlyf fundust í kjólfar leitar.

Mannlaus árabátur

Tveir voru teknir fyrir hraðakstur á Sauðárkróki í nótt og einn tekinn fyrir ölvunarakstur. Mannlaus árabátur fannst í gærmorgun á reki úti á firðinum. Grennslast var fyrir hvaðan báturinn kom og hver ætti hann, en engar vísbendingar fundust. Engar tilkynningar hafa borist lögreglu um báttinn né hvarf á mönnum.

- kka



UNGLINGAR HÖFÐU ÁFENGI UM HÖND Mikið var um unglinga í bænum á miðnætti á menningarnótt og töluvert var um drykkju.

Áfengislög margbrotin á menningarnótt:

Heilmiklu áfengi hellt

LÖGREGLA Tölvuverð drykkja var í miðbæ Reykjavíkur á menningarnótt og var mikið af áfengi tekið af börnum undir lögaldri og því hellt niður. Enn fremur voru tæplega tuttugu unglingar færðir í sérstakt athvarf sökum ungs aldurs eða ofurölvunar. Mun meira var um brot á áfengislögum en brot á lögum um útivistartíma, kemur fram á vef lögreglunnar.

Bæði forvarnadeild lögreglunnar og ÍTR var með sitt fólk í bænum og tóku við börnum undir lögaldri en að sögn lögreglunnar var mikið um unglinga í bænum um miðnætti. Um hundrað lögreglumenn komu að verkefninu á menningarnótt og að sögn lögreglunnar gekk nóttin vel fyrir sig og

Loftslagsráðstefna SP í Gana:

Kolefnisjafnað sjónvarpsáhorf

UMHVERFISMÁL Loftttegundir sem finnast í flatskjáum eru líklegar til að bæstast á lista Sameinuðu þjóðanna yfir loftttegundir sem berjast þarf gegn vegna gróðurhúsaáhrifa. Þetta kom fram á þingi Loftslagsskrifstofu SP í Gana á föstudag.

Nitur, trífúoríð og aðrar skyldar tegundir eru þær loftttegundir sem SP vilja setja á listann. Þó eru tegundirnar einungis um 0,3 prósent af losun gróðurhúsalofttegunda. „Mér finnst þetta vera góð hugmynd,“ sagði Yvo de Boer, yfirmaður loftslagsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna um þessa nýju hugmynd.

- vsp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fíkniefni og ölvunarakstur

Tveir menn voru teknir grunaðir um ölvunarakstur á Akranesi í fyrrinótt. Einnig fundust fíkniefni í íbúð, en nágrannar höfðu kvartað undan lykt á stigangangi og eiturlyf fundust í kjólfar leitar.

Mannlaus árabátur

Tveir voru teknir fyrir hraðakstur á Sauðárkróki í nótt og einn tekinn fyrir ölvunarakstur. Mannlaus árabátur fannst í gærmorgun á reki úti á firðinum. Grennslast var fyrir hvaðan báturinn kom og hver ætti hann, en engar vísbendingar fundust. Engar tilkynningar hafa borist lögreglu um báttinn né hvarf á mönnum.

- kka

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám 1986 - 2008

37 þúsund nemar frá upphafi!



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa **fleiri en 37.000 nemendur** sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
AUTHORIZED TESTING CENTER

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 79.900.

Veldu kvöld- eða morgunnám!

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Gerðu sumarleyfismyndirnar ennþá betri!

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Kvöldnám hefst 9. september (19:00-22:00)

Vefhönnun og myndvinnsla



Einstakt nám fyrir þá sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Helstu kennslugreinar

- HTML forritun ásamt meginatriðum góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu fyrir vefi með forritunum DreamWeaver, Flash og Photoshop

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15

Verð: 99.900 • **Nám hefst 18. september.**

MCSA og MCP nám



Við bjóðum fjölbreytt MCP og MCSA nám fyrir þá sem vilja taka að sér umsjón tölvu og neta með því að ljúka námi hjá okkur með alþjóðlegum gráðum frá Microsoft.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Nánar á www.tv.is.

Vertu betri í starfi - lærðu meira



*Tilboðsverð á lausum sætum**

Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjors og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 108.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: ~~249.900~~ **229.900**

Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: ~~169.900~~ **159.900**

Tölvu- og bókhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel, Access, Outlook, PowerPoint og Word
- Verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 225 stnd./150 klst. Verð: ~~199.900~~ **179.900**

Bókaðu þig strax í kvöld- eða morgunnám

* Tilboð gildir aðeins til og með 27. ágúst

Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stigðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 54.900

Hagnýt verkefnastjórnun

Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við öll verkefni. Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun MS Project við gerð verkáætla og stjórnun.

Lengd: 54 st./36 klst. Verð: 99.900

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

VEISTU SVARIÐ?



1 Í hvaða embætti var Guðlaugur G. Sverrisson settur á dögnum?

2 Hver verður varaforsetaefni Baracks Obama?

3 Hvaða verðlaun hlaut íslenska handknattleikslíðið á Ólympíuleikunum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Hafrannsóknastofnunin:
Stofn rækju er enn mjög lítill

SIJÁVARÚTVEGUR Heildarvísitala stofnstærðar úthafsækju er svipuð í ár og í fyrra, samkvæmt fyrstu útreikningum og er hún að nalgast vísitöluna árið 1999 sem var sú lakasta á tíunda áratugnum. Þetta er niðurstaða árlegrar stofnmælingar Hafrannsóknastofnunarinnar á úthafsækju fyrir norðan og austan land.

Meira var af rækju á miðunum norðanlands miðað við undanfarin fjögur ár en aftur á móti var minna af rækju austan lands. Á aðalrækjuveiðisvæðinu, Norðurkantur – Grímsey, hefur vísitalan hækkað um 42 prósent miðað við árið 2004. Rækjan var stór eða svipuð og árin 2006 og 2007.

- shá

ÍRAK

Mannræningi handtekinn

Bandaríkjaher segist hafa tekið höndum í Írak Salim Abdullah Ashur al-Shujari, liðsmann al-Kaída. Hann er talinn hafa skipulagt mannrán bandarísku blaðakonunnar Jill Carroll árið 2006. Hún var látin laus eftir þriggja mánaða gíslingu.

8

FRÉTTABLAÐIÐ





HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is



KÁTIR SJÁLFBÓDALIÐAR Mikill fjöldi sjálfbóðaliða setti svip sinn á Ólympíuleikana. Þessi hópur fylgdi íslenska handboltaliðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

gert með bros á vör og öllum verkefnum fylgt á leiðarenda. Hinn almenni borgari heilsar

Lóð fyrir Ungmennafélag Íslands við Tryggvagötu:
Ungmennafélag Íslands bíður enn eftir lóðinni

STJÓRNSÝSLA „Þetta er bara í biðstöðu. Ég hef ekkert heyrt og það hefur ekkert gerst,“ segir Helga G. Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) um lóðarmál félagsins í Reykjavík.

Tæp tvö ár eru síðan Reykjavíkurborg veitti UMFÍ vilyrði fyrir lóð við Tryggvagötu 13.



TRYGGVAGATA 13 Borgarráð samþykkti 9. nóvember 2006 að gefa UMFÍ lóðina. Málið er í óvissu og formaðurinn bíður og vonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Félagið hugðist reisa þar höfuðstöðvar sem hýsa skyldu margháttada starfsemi þess. Á vordögum spurðist að UMFÍ hefði gert samkomulag við Edduhótelin um rekstur gistiheimilis í húsinu. Fór það samkomulag fyrir brjóstið á ýmsum, meðal annars borgarfulltrúum. Fór svo að samkomulaginu var rift og stendur vilji UMFÍ til að reisa húsið án gistiheimilis.

Var borgaryfirvöldum gerð grein fyrir þeirri stöðu mála með greinagerð sem send var borgarstjóra 21. maí. Síðan hefur ekkert gerst.

„Ég er ópolinmód að fara að byrja en svona er staðan og við verðum að sætta okkur við það,“ segir Helga G. Guðjónsdóttir sem reiknar enn með að fá lóðina. „Jú, ég geri það. Ég er alla vega mjög vongóð um það,“ segir hún.

- bps

Múhameðsteikningamál:
Frá Danmörku án réttarhalds

DANMÖRK, AP Túnismaður, sem dönsk yfirvöld gruna um að hafa við annan mann lagt á ráðin um að myrða danska skopmyndateiknarann Kurt Westergaard, fór sjálfviljugur úr landi fyrir helgi. Hann átti yfir höfði sér formlega brottvísun.

Maðurinn var, ásamt öðrum, handtekinn 12. febrúar. Báðir áttu þeir brottvísun yfir höfði sér, án réttarhalds og gæsluvarðhald þeirra hafði ítrekað verið framlengt.

Westergaard teiknaði eina af skopmyndunum tólf af Múhameð spámanni, sem birtust fyrst í Jótlandsþóstinum.

- aa



GAMLAR DRÁTTARVÉLAR Ásgeir Pétursson, bóndi í Helgadal, hugar að dráttarvél sem er komin á fýsilegan aldur fyrir erlenda tækjakaupmenn.

Selja gamlar dráttarvélar úr landi

Gamlar dráttarvélar, vörubílar og þungavinnuvélar hafa rokselst til ýmissa Evrópulanda það sem af er árinu. Skýringin er einkum sögð vera veik staða krónunnar og versnandi efnahagsástand víða í Evrópu. Eftirspurn er sögð vaxandi.



Menn eru þarna að fá svolitinn pening fyrir tæki sem þeir hefðu ella ekki losnað við.

FINNBOGI MAGNÚSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI JÖTUNS VÉLA EHF.

hafi að líkindum verið seld um hundrað tæki úr landi.

„Þessir menn sem komið hafa til okkar til að festa kaup á gömlum dráttarvélum hafa reynst stálheiðarlegir í öllum viðskiptum. Eitthvað hafa þeir út úr þessu, það er alveg augljóst. Þetta er allra hagur því hér fást nokkrar krónur fyrir aflagðar dráttarvélar og Pólverjarnir gera sér mat úr þessu heima fyrir. Þessu veldur „hagstætt“ gengi krónunnar. Þegar menn komu á síðasta ári og buðu sömu evrutölu í vél var það 35 prósentum lægra í krónum talið heldur en í ár.“

Dagbjartur Ingvar Arilíusson, hjá Bíla- og vélasölu Geisla ehf., í Borgarnesi segir að það fyrirtæki sé búið að selja um 80 til 90 eldri vörubíla, um tuttugu dráttarvélar og í kringum tíu þungavinnuvélar til Evrópulanda það sem af sé árinu. Eftirspurn sé vaxandi.

jss@frettabladid.is

Tilboð í hluti í Teymi hf.

Teymi hf. hefur gert hluthöfum félagsins tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu fyrir kr. 1,90 fyrir hvern hlut. Greiðsla fyrir hlutina í Teymi hf. verður innt af hendi með afhendingu hluta í Alfesca hf. á genginu kr. 6,96 fyrir hvern hlut í Alfesca hf. Skiptihlutfall á hlutum í Teymi hf. fyrir hluti í Alfesca hf. er því 0,2729885.

Tilboðið stendur til kl. 16:00 föstudaginn 29. ágúst 2008 og verða öll samþykki að hafa borist fyrir þann tíma.

Til að samþykkja tilboðið verða hluthafar að skrá og staðfesta samþykki sitt á vefsíðu Landsbanka Íslands hf., www.landsbanki.is, með því að skrá inn kennitölu og nota lykilorð það sem fram kemur í bréfi sem sent var hluthöfum Teymis hf. þann 14. ágúst sl.

Afrit af tilboðinu og þeim skjölum sem því tengjast má nálgast á skrifstofu Teymis hf. að Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, og hjá Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík, og á vefsíðum Landsbankans, www.landsbanki.is, og Teymis hf., www.teymi.is.

Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta Landsbanka Íslands hf. veitir hluthöfum Teymis hf. upplýsingar um tilboðið í síma 410 4040.







Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

SKRÁNING FYRIR HAUSTÖNN 2008 Í GANGI!

Ekki bíða með að skrá þig – Fyrstir koma fyrstir fá

TVÆR ANNIR

Sölu-, markaðs og rekstrarnám ☀ **396 stundir**

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta er lögð áhersla á rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eru með eigin rekstur.

Skrifstofu- og rekstrarnám ☀ **462 stundir**

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á þremur námskeiðum sem öll styðja hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

Skrifstofunám og hönnun ☀ **414 stundir**

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsingastofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar.

Sölunám og hönnun ☀ **420 stundir**

Á fyrri önninni öðlast nemendur þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og í gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja söluferlið.

EIN ÖNN

Skrifstofu- og tölvunám ☀ **258 stundir**

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, Windows, Word, Excel, Power Point, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

* Alþjóðlegt prófskírteini (ECDL) í tölvufögnum.

Sölu- og markaðsnám ☀ **264 stundir**

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

Fjármála- og rekstrarnám ☀ **132 stundir**

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Lögð er áhersla á verkefnavinnu sem tengd er efninu.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.



INNTRITUN Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS



FYRIR HÁSKÓLANÁM



BIÐA BROTTFLUTNINGS Þessir öldruðu Georgiubúar biðu þess í vikunni, eins og fleiri landar þeirra, að rússneskir hermenn flyttu þá á brott frá þorpinu Zemo-Achibeti í Suður-Ossetíu yfir landamærin til Georgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hitaveita í Reykholtssdal:

Endurbætur hefjist strax

SVEITARSTJÓRNIR „Byggðarráð lýsir yfir þungum áhyggjum af málefnum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar,“ segir byggðarráð Borgarbyggðar sem ræddi á síðasta fundi sínum um vatnsmál í Reykholtssdal og Stafholtstungum.

„Slæmt ásigkomulag og tíðar bilanir á veitunni gefa tilefni til að hafa áhyggjur af rekstrinum á komandi vetri,“ segir byggðarráðið sem skorar á eigendur Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar að ráðast strax í nauðsynlegar endurbætur á aðveitu-æð veitunnar. Sveitarstjóranum hefur jafnframt verið falið að óska eftir endurskoðun á samningi við Orkuveitu Reykjavíkur um vatnsmálin í Reykholtssdal.

- gar

Landvernd gerir athugasemdir við fyrirhugaða útgáfu starfsleyfis fyrir álver Norðuráls í Helguvík:

Telja útgáfu starfsleyfis ótímabæra

STÓRIÐJA Landvernd telur fyrirhugaða útgáfu starfsleyfis fyrir álver Norðuráls í Helguvík ótímabæra. Samtökin telja vitneskju um grundvallarþætti starfseminnar ekki liggja fyrir.

Lögboðinn frestur til athugasemda við auglýsta tillögu að starfsleyfi rann út 13. ágúst en hefur verið framlengdur. Samkvæmt auglýstri tillögu Umhverfisstofnunar verður heimilt að framleiða allt að 250.000 tonn af áli á ári í Helguvík.

Í athugasemdum Landverndar kemur fram sú skoðun að ekki liggi fyrir hvort eða hvaðan orka fáiist í álverið og mikið ósætti sé um fyrirkomulag á orkuflutningum.

Þá sé margt sem bendi til þess að erfitt gæti reynst að uppfylla almennar skuldbindingar Íslands um hámark 10 prósent

aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda ef til kemur aukinn PFC-losun á samningstímabilinu 2008-2012. Umhverfissráðherra óskaði fyrr á árinu eftir nýrri spá frá Umhverfisstofnun og mati á því hvort líkur séu á að Ísland fari fram úr skuldbindingum sínum samkvæmt Kýótó-bókuninni.

Annað veigamikilið atriði er, að mati Landverndar, að breyta þurfi skipulagi sjö sveitarfélaga annarra en Reykjanesbæjar og Garðs til þess að áform um orkuflutningana geti náð fram að ganga.

Af aðdraganda málsins og ummælum ýmissa forsvarsmanna sveitarfélaga á svæðinu telur Landvernd að ólíklegt sé að þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli vilji afhenda auðlindir sínar til álvers í Helguvík.

- shá



HELGUVÍK Tölvuteikning af álverinu eins og það gæti litið út. Stefnt er að fyrsti áfangi verði tilbúinn 2010 og framleiðslan um 150 þúsund tonn.

Hví er Obama ekki búinn að vinna?



FRÍÐJÓN R. FRÍÐJÓNSSON
skrifar frá Bandaríkjunum

Eitt helsta áhyggjuefni demókrata þessa dagana er spurningin hér að ofan. Vissulega er enn tveir og hálfur mánuður til kjördags, en í því pólitíska árferði sem nú er, spyrja margir því sig þessarar spurningar. Hvers vegna er Obama ekki kominn með öruggt forskot? Þar til fyrir nokkrum vikum stefndi allt í stórsigur demókrata í báðum þingdeildum og forsetakjörinu, þá fór bensínlítrinn upp fyrir 85 kr. og almenningur sagði hingað og ekki lengra.

Repúblikanar hafa aftur náð einhverjum vopnum sínum vegna óánægju almennings með úrræðaleyfi forseta og sérstaklega þingsins vegna bensínverðsins.

Þar ræður mestu óvinsæl andstaða þingforystu demókrata við aukna nýtingu auðlinda. Umhverfisstefna demókrata er þó ekki aðalástæðan fyrir stöðunni í forsetakosningunum. Aðalástæðan er sú að kjósendur eru hreinlega ekki sannfærðir um Obama. Hann er frábær ræðumaður með mikinn kjörþokka en ferilskrá hans er sú stýsta sem nokkur forsetaframbjóðandi hefur haft síðan Wendell Willkie var frambjóðandi repúblikana gegn Franklin Roosevelt árið 1940. Kjósendur vita ekki hver Barack Obama er. Hann hefur sterkari ímynd sem poppstjarna en sem stjórnmálamaður og þess vegna hefur auglýsingaherferð McCain þar sem Obama er líkt við Britney Spears og Paris Hilton hitt í mark.

Það er einföldun að halda því fram að kynþáttur Obamas skipti

mestu máli, vissulega eru til kjósendur sem geta ekki hugsað sér að kjósa svartan mann en þeir eru litill minnihluti. Það sem kjósendur staldra við er reynsluleysi frambjóðandans og í svörum við óundirbúnum spurningum þykir hann of gjarn á að veita fræðileg svör í stað þess að svara beint með tungutaki sem almenn-ingur skilur. Það gefur yfirlætislega mynd af frambjóðandanum og áheyrendum liður sem hann sem tali niður til þeirra.

Þrátt fyrir að hann hafi rekið eina öflugustu kosningabaráttu sem sögur fara af og safnað meiri peningum en nokkur annar frambjóðandi, þrátt fyrir árferði sem hefur verið eins hliðholtt flokki hans eins og hugast getur, hefur Obama ekki enn náð traustu forskoti. Sigur hans er líklegur en alls ekki í hendi, næstu sjötíu og fjórir dagar verða spennandi.

Kóreumenn skoða Lehman:

Gengi Lehman rauk upp

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa í bandaríska fjárfestingabankanum Lehman Brothers rauk upp á föstudag eftir að orðrómur fór á kreik um að kóreski þróunarbankinn, sem er í ríkiseigu, muni kaupa hann.

Talsmaður kóreska bankans vildi ekki tjá sig beint um málið á föstudag en sagði bankastjórnina íhuga ýmsa möguleika, að sögn Bloomberg.

Gengi Lehman Brothers hefur fallið um rúm áttatíu prósent frá áramótum og hefur ítrekað verið ýjað að því að bankinn glími við alvarlegan lausafjárskort, gæti jafnvel hlotið sömu örlög og bandaríski bankinn Bear Stearns, sem JP Morgan keypti á útsöluverði með aðstoð bandaríska seðlabankans í mars til að forða honum frá gjaldþroti.

- jab



SONGLIST

Söng- og leiklistarskóli

10 ára

Tugur er tímamót. Sönglist hefur stofnað undirbúningsdeild skólans í Borgartúni I. Með þessu viljum við koma til móts við þá hundruði umsækjenda sem eru á biðlista um inngöngu og þá fjölmörgu sem vilja bætast í hópinn.

Nánari upplýsingar verða sendar umsækjendum í tölvupósti á næstu dögum.

Umsóknareyðublöð á www.songlist.is

Kennsla í **Borgarleikhúsinu** hefst mánudaginn **8. september**.

Kennsla í **Borgartúni I** hefst mánudaginn **15. september**.

www.songlist.is sími: 590-8838 (kl. 11:00-13:00) songlist@borgarleikhus.is

Gleði - fagmennska- framfarir





Forstjóri HSA:

Lausafé upp í brýnar skuldir

HEILBRIGÐISSTOFNANIR Fjárhagsvandi Heilbrigðisstofnunar Austurlands, HSA, er enn sá sami. Fréttablaðið greindi frá því í sumar að halli stofnunarinnar fyrstu fimm mánuði ársins næmi rúmum 200 milljónum króna. Einar Rafn Haraldsson, forstjóri HSA, segir að stofnunin hafi lent í vanskilum við birgja en fengið lausafé upp í launahækkunar sem hafi orðið til þess að stofnunin hafi getað grynnt á brýnustu skuldum og því hafi ekki verið lokað fyrir viðskipti. “Við erum ennþá á floti en þetta er þungur sjór. Skuldasúpan er sú sama,” segir hann. - ghs

Kældur bjór verður til sölu í fjórum verslunum ÁTVR á höfuðborgarsvæðinu:

Hefur ekki áhrif á drykkju

VERSLUN „Það er ekki hægt að benda á það að bjórkælar í verslunum ÁTVR hafi sérstök áhrif á drykkjuna,” segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn. Frægt varð þegar þáverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fór fram á það við ÁTVR að kælar í Austurstræti yrði tekinn úr sambandi því hann ýtti undir drykkju óreglufólks. Geir Jón segir hins vegar að sala á bjór í stykkjavís hafi þessi áhrif. „Þegar byrjað var á því urðum við varir við að menn fóru að nurla saman í einn og einn. Það hefur ekki breyst síðan.“ Ástandið í miðborginni í þessum



Í VÍNBUÐINNI Fjórar verslanir ÁTVR munu bjóða upp á kaldan bjór á höfuðborgarsvæðinu í næsta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

efnum hafi þó verið gott þetta sumarið. Kaldur bjór fæst nú í þremur

útbúum ÁTVR á höfuðborgarsvæðinu: í Skeifunni, Borgartúni og á Dalvegi. Í næsta mánuði verður svo fjórða búðin opnuð í Skútuvogi. Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að kælar séu settir í nýjar búðir og þegar verslanir eru endurbættar. „En það eru engin áform í bili um að setja upp kæli í Austurstrætinu,” segir hún. Það sé þó ekki útilokað í framtíðinni. Með kælnum sé veitt betri þjónusta og álag starfsfólks vegna áfyllingar minnki. Þá sé verslunarplássid milli bjórs og annars áfengis aðgreint betur. - kóp

Kjell Inge Røkke:

Fær eina norska krónu í árslaun

NOREGUR Norski athafnamaðurinn Kjell Inge Røkke hefur tekið við forstjórastólnum í líftæknifyrirtækinu Aker Biomarine enda stærsti hluthafinn. Hann verður fyrirtækinu engin fjárhagsleg byrði því að árslaunin hans eru aðeins ein norsk króna, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK. Gengi bréfa í Aker Biomarine hefur fallið um 62 prósent á einu ári. „Með tilliti til félagsins og sjálfs mín er tímapunkturinn fyrir forstjóraskiptin rétt. Þegar maður hefur komist að þessari niðurstöðu er mikilvægt að ég hætti strax,” segir Helge Midttun, fráfarandi forstjóri. - ghs

Verð á lesgleraugum: Frjáls álagning í apótekum

Fréttablaðinu barst bréf frá neytanda: Ég var staddur í Lyfju á Smáratorgi og þurfti að fá mér einnota lestrargleraugu. Í þessari ágætu verslun kosta þau 1.457 krónur en í Rúmfatagleraugum og Bónus, við hliðina á Lyfju, kosta samskonar gleraugu 198 krónur. Þetta er auðvitað okkur og beinlínis móðgun við kaupandann og skora ég á fólk að sniðganga þetta fyrirtæki eftir bestu getu. Á Íslandi er frjáls álagning sem þýðir að verslunum er frjálst að leggja það verð á vörur sem þeim sýnist og apótek haga sér nákvæmlega eins og aðrar verslanir. Þau eru ekki lyfsölur á vegum ríkisins, heldur frjálsar verslanir sem hika ekki við að leggja á sína viðskiptavinum þá álagningu sem þeim sýnist. Verið á verði.



HELGA ÞÓREY
neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Reyklaus 2008: Reyklaus til Amsterdam

HEILBRIGÐISMÁL Reyksíminn og Lýðheilsustöð stóðu nýlega að verðlaunasamkeppninni Reyklaus 2008 þar sem óskað var eftir sögu frá þeim sem tilbúnir væru að hætta að reykja eða væru þegar hættir. Var sögunum ætlað að vera hvarning fyrir aðra í baráttunni gegn tobaki. Rúmlega 450 reynslusögur bárust. Vinningshafi samkeppninnar er Rut Sigurðardóttir og hlýtur hún ferð til Amsterdam ásamt 100 þúsund króna gjaldeyri í vinning. Rut verður jafnframt fulltrúi Íslands í „European Smoke Free Awards 2008“ í Amsterdam þar sem hún á möguleika á að vinna ferðaávisun að andvirði 15 þúsund evra. - ovd



RUT SIGURÐARDÓTTIR

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími: **553 5600**

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík

Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

KIA GERIR GOTT BETUR

GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu og kynntu þér glæsilegt úrval bíla frá KIA og leyfðu okkur að koma þér skemmtilega á óvart. Nú býður KIA takmarkað magn bíla á sérstökum tilboðs- kjörum með möguleika á **80% fjármögnun að fullu í erlendri mynt.**



SORENTO
2,5 EX dísil, sjálfskiptur, 170 hestöfl

4.490.000 kr.

Verð áður: 4.930.000 kr.

440.000 kr. afsláttur



CEE'D SW
1,6 EX Sporty Wagon dísil, beinskiptur, 115 hestöfl

2.890.000 kr.

Verð áður: 3.070.000 kr.

180.000 kr. afsláttur



CEE'D
1,6 EX cee'd Sport bensín, sjálfskiptur, 115 hestöfl

2.620.000 kr.

Verð áður: 2.880.000 kr.

260.000 kr. afsláttur

Umboðsmenn KIA um land allt: Akranes • Bílas Bilasala Akranes • Akureyri • Höldur hf. • Ísafjörður • H.V. Umboðsverslun ehf. Reykjanesbaer • K. Steinarnsson • Reyðarfjörður • HEKLA Austurland • Selfoss • Bílasala Selfoss

Reynslan er góð! 

Laugavegi 172-174 • 590 5000 • hekla.is • hekla@hekla.is • umboðsmenn um land allt

Ólympíuævintýrið verður lengi í minnum haft.

Ótrúlegt afrek

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Íslensku landsliðsmennirnir í handknattleik hafa ritað nöfn sín stórum stöfum í íslenska samtímasögu með frækilegri framgöngu á Ólympíuleikunum sem lauk í Peking í gær. Við töpuðum ekki gullverðlaunum í úrslitaleiknum gegn Frökk-um, heldur unnum silfurverðlaun og það er nokkuð sem engum íslenskum íþróttamanni hefur lánast að gera síðan 1956. Fjórtán glæsilegir fulltrúar þjóðarinnar snúa fyrir vikið heim á miðvikudag með slíkan silfurpening um hálsinn ásamt þjálfara sínum og öðrum úr liðsstjórninni og mega réttilega eiga von á höfðinglegum móttökum íslensku þjóðarinnar.

Framganga íslenska landsliðsins á þessum Ólympíuleikum hefur vakið mikla athygli. Í raun hefur hún vakið heimsathygli. Ekki vegna þess að handbolti sé svo vinsæl íþrótt um víða veröld, heldur vegna þess að hún sýnir sigur mannsandans í hnotskurn og færir okkur enn og aftur heim sanninn um það að allt er hægt í íþróttum og ekkert er gefið fyrirfram. Þetta er nútímaútgáfan af dæmisögunni um Davíð og Góliat; nokkuð sem allir hlutlausir gleðjast yfir á tímum þegar efnahagslegur styrkur skiptir sífellt meira máli.

Eðlilegt er að sú spurning vakni, hvernig svo fámenn þjóð geti teft fram hópi manna sem kemst í úrslit í flokkaíþrótt á Ólympíuleikum og slær á þeirri leið út lið frá mörgum af fjölmennustu þjóðum Evrópu? Íslensku leikmennirnir og þjálfarar þeirra hafa svör við þeirri spurningu: Það eru sjö menn frá hvoru landi inni á vellinum í einu og þess vegna er keppt á jafnréttisgrundvelli. Þess vegna á Ísland möguleika á sigri í hverjum leik. Þess vegna hefur þessi ótrúlegi árangur náðst. Þessi árangur er þeim mun athyglisverðari þegar haft er í huga, að stutt er síðan enginn vildi taka að sér þjálfun íslenska landsliðsins. Eftir brotthvarf Alfreðs Gíslasonar var leitað til nokkurra nafnkunnra handboltamanna, en enginn sá sér fært að svara kallinu. Úr varð að Guðmundur Guðmundsson tók aftur við þjálfun liðsins og eftirleikinn þekkja allir: ævintýri sem seint líður úr minni og afrek sem íslenska þjóðin stendur í mikilli þakkarskuld fyrir.

Fyrir Ólympíuleikana í Peking var nokkuð deilt um það hvort forseti Íslands ætti að sækja leikana þar sem mannréttindi væru fótum troðin þar í landi. Töldu ýmsir spekingar að réttast væri að mótmæla því með því að forsetinn sæti heima. Forsetinn tók afstöðu með íslenska íþróttafólkinu, sem æðsti verndari íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og það reyndist góð ákvörðun. Jákvæð framkoma forsetahjónanna og stuðningur þeirra við íslensku afreksmennina hefur vakið heimsathygli og endurómað þá samstöðu þjóðarinnar sem hefur orðið til í kringum handboltalandslíðið síðustu daga. Ísland mátti vel við slíku, mitt í öllu krepputalinu og lítið hefur heyrt í fyrrnefndum spekingum síðustu daga.

„Guð blessi móðurina sem þig ól,“ sagði þulur Ríkisútvarpsins í beinni útsendingu er hann var að lýsa stórkostlegri frammistöðu landsliðsfyrirliðans Ólafs Stefánssonar í leiknum gegn Spánverjum í undanúrslitunum. Allar fjölskyldur íslensku handboltamannanna mega svo sannarlega vera stoltar af sínum mönnum eftir þennan frábæra árangur, sem undirstrikar svo rækilega stöðu handboltans sem þjóðaríþróttar. Fréttablaðið óskar handboltalandslíðinu og íslensku þjóðinni til hamingju með þetta ótrúlega afrek.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VÍÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.



FRÁ DEGI TIL DAGS

Þorgerður vs. Dorrit

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra bloggar um það sem hann kallar „fjölmíðlastríð“ milli Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Dorrit Moussiaeff forsetafrúar í tengslum við velgengi íslenska handknattleikslíðsins á Ólympíuleikunum í Peking. Össur fjallar um að Þorgerður Katrín hafi setið heima ásamt nokkrum öðrum ráðherrum Sjálfstæðisflokksins þegar Ólafur Ragnar Grímsson var settur í embætti í fjórða sinn á dögnum. Þetta megi túlka sem „diss“ á forsetann, eins og Össur orðar það. Þorgerður Katrín hafi svo farið til Kína á ný þegar ljóst væri að Íslendingar léku til úrslita. Össur



segir að það hafi verið til að keppa við Dorrit og Ólaf um pólitíska athygli.

Ísland í 3. sæti

Þó að Íslendingar hafi náð silfrinu í handbolta á Ólympíuleikunum þá hrepptum við aðeins bronsíð í annarri keppni, keppninni um flestar medalíur miðað við höfðatölu. Bahamaeyjar hrepptu þar fyrsta sætið, en Bahamaeyingar hlutu tvær medalíur á mótinu. Það gerir eina medalíu á hverja 153.725 íbúa. Jamaíkar koma næstir með medalíu á hverja 254.939 íbúa. Næstir í röðinni voru Íslendingar. En þar sem allir fimmtán leikmenn handboltaliðsins fengu medalíu getum við alveg sagst hafa fengið flestar á haus.



Borgarstjóri í heimsókn

Hanna Birna Kristjánsdóttir, nýr borgarstjóri í Reykjavík, fór ásamt Óskari Bergssyni, formanni borgararáðs, í heimsókn á nokkur starfssvið borgarinnar á föstudag. Lögðu þau leið sína um menntasvið og skipulags- og byggingasvið. Borgarstjórnin þekkir vel til í því síðara því að hún var áður formaður skipulagsráðs. Nú er gott að kjörnir fulltrúar séu í nánum tengslum við starfsmenn borgarinnar. En ef svona heimsóknir eru venjan, þá hafa borgarstarfsmennirnir varla haft við að taka á móti nýjum borgarstjórum seinasta árið.

steindor@frettabladid.is

Morfeus og bræður

Skrafskjóðurnar á internetinu voru að skrifa sumar hverjar um það í gær og fyrradag að handbolti væri ekkert frægur í útlöndum og var það einkum haft til marks að þetta bætti skrýtin íþrótt hjá einhverjum bandarískum bloggnum. Þeir sem höfðu komist að þessu voru svolítið hróugir yfir því að vera slíkir heimsmenn að deila skoðunum með bandarískum bloggnum en líka örlítið skúffaðir yfir því að þjóðarsport Íslendinga skyldi svo lítillsvört og smáð í guðseiginlandi.

Það er fullgild afstaða – og jafnvel virðingarverð – að neita að taka þátt í hópeflinu og æsingnum sem grípur þjóðarkríli á slíkum stundum en ég er ekki viss um að það séu réttu forsendurnar að handbolti komi bandarískum bloggnum einkennilega fyrir sjónir.

Spurning hvað á að taka mikið mark á þjóð sem kys George W. Bush sem forseta – ekki einu sinni heldur tvisvar – og ekki geta þjóðaríþróttir Bandaríkjamanna talist annað en skrýtnar þegar maður hefur ekki tamið sér á að fylgjast með þeim.

Þetta sem þeir kalla „football“ er mestanpart iðandi áflog ákaflega dúðaðra manna með skringilegum mörkum, sporöskjulaga bolta og óskiljanlegri stigagjöf en „baseball“ er eftir því sem ég kemst næst sami leikur og hér heitir „Kýló“ hjá krökkunum og höktir áfram milli endalausra auglýsingahléa og söngatriða; er það ekki soldið barnalegt? Svóltið eins og að vera fram eftir öllum aldri í Brennó eða Bimmbamm-bimmbamm? Körfubolti er eina bandaríska íþróttin sem hefur náð til annarra þjóða enda líkastur evrópskum boltaíþróttum en þótt ágætur sé kemst hann ekki í hálfkvísti við handboltann hvað fjölbreytni varðar og stemmningu á góðum degi.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Handbolti

„Skripalæti í atplássum“

Allar íþróttir eru skrýtnar. Og þegar við neitum að gangast inn á forsendur þeirra verða þær eiginlega alveg fáránlegar. Þórbergur spurði Matthías Johannesen í samtalsbók þeirra hvers vegna menn kepptu ekki í sjöstökki eða nístökki frekar en þessu bjánalega þrístökki sem honum þótti sérlega auvirkileg íþrótt (þetta var þegar Vilhjálmur Einarsson var hin þrístökkvandi þjóðhetja) – Þórbergur stakk líka upp á „hækkandi grindahlaupi“ og „gaddavírs-hlaupi“ sem óneitanlega væri gaman að sjá keppt í. Hann sagðist hafa stundað íþróttir í 44 ár „til að verða nýtari maður“ – það voru Müllers-æfingarnar – en honum fannst hann lítills metinn, enda ekki veirð að „trana sér fram í opinberum skripalátum í einhverjum atplássum sem eru í innsta eðli sínu skólar í mannhatrí“.

Þá voru rithöfundar enn afbrýðisamir út í íþróttamenn og þá athygli sem þeir nutu. Og svona upplifði nytsemdarkomminn keppnisíþróttir: hann skildi ekki til hvers þær væru. Sá ekki að þær þroskuðu nokkurn mann – hvað græðir maður á því að vera duglegur að hoppa á öðrum fæti?

Íþrótt sem rúmar allt

Kannski megi snúa þessu við og

spyrja hvort gildi íþróttanna felist ekki einmitt í gagnsleysi þeirra: til hvers er handbolti? Í hvað notar maður hann? Ekki neitt. Hann er ekki til neins – eins og allar listir ber hann gildi sitt í sjálfum sér. Þetta er bara leikur; þetta er bara mennska. Það er einmitt algengasta mótbáran gegn íþróttum að þar sé fullorðið fólk að leika sér – en hvort skyldi maðurinn vera mennskari og nær sjálfum sér sér þar sem hann húkir við tölvu eða þar sem hann neytir krafta sinna í samafli með félögum sínum til þess að koma bolta í mark?

Handboltinn hefur allt til að bera sem eina íþrótt getur þrýtt. Hann er hárrétt blanda af einstaklingsframtaki og samtaki, frumleika og skipulagi; hann er stökk, hlaup, fimi, boltafærni. Hann er snerting en líka svif. Hann býður upp á snerpu og hraða og spennu, en líka hugvit og fegurð: hvað er tignarlegra en svífandi skytta í þann mund að láta vaða? Hann er frásögn: geymir röð hápunkta og kollsteypur, hetjur og hrappa, dáðir og ódáðir, tragedíur og kómedíur, sæmd og mannlega lesti. Í leiknum er undiraldar og rökrétt framvinda en líka óvæntar og jafnvel fáránlegar uppgomur. Hann gengur fram og tilbaka en líka frá vinstri og til hægri og jafnvel upp og niður – hann er úti um allt, frjálslegur og villtur en ekki taumlaus því leikurinn lýtur ströngum reglum um smátt og stórt. Við horfum á aleflingu andans í handbolta: menn gráta og hlæja og þrá; menn gefa sig alla, fara út á ystu nöf, beita saman köldum huga og heitum tilfinningum: með öðrum orðum: menn lifa.

Spurningin: „Til hvers er handbolti?“ er þess vegna jafn marklaus og spurningin: „Til hvers er lífið?“

Kjarni málsins gegn ASÍ

UMRÆÐAN

Finnur Árnason skrifar um matsmál Haga hf. gegn Alþýðusambandi Íslands.

Ígrein í Fréttablaðinu síðastliðinn föstudag sakar Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, mig um að hafa ekki áttað mig á því, um hvað matsmál Haga gegn ASÍ hafi snúist. Þó svo að ég hafi átt frumkvæði að málinu. Matsmálið var höfðað, þar sem Hagar hf. hafa talið að verðmælingar ASÍ endurspegluðu ekki raunverulegar verðbreytingar í verslunum Haga hf. Hagar leituðu því til Héraðsdóms Reykjavíkur og óskuðu eftir því að matsmenn yrðu dómkvaddir til að komast að rétttri niðurstöðu. Niðurstæða dómskvaddra matsmanna var afdráttarlaus þess efnis að í tilvikum verðmælinga í verslunum 10-11 um mánaðamótin febrúar/mars 2007 gaf verðmæling ASÍ ranga niðurstöðu. Niðurstæða matsmannanna sýnir að verðlagsmælingar ASÍ ná ekki því markmiði sínu að meta raunverðbreytingar. Skýringuna er sennilega að



FINNUR ÁRNASON

finna í leyndaraðferðafræði ASÍ við gerð mælinganna, en ASÍ hefur neitað að upplýsa um hver hún er. Augljóst er hins vegar að sú aðferðafræði er langt frá því að vera nógu nákvæm.


Einnig hefur Alþýðusamband Íslands reynt að gera lítið úr vinnu matsmanna þar sem þeir hafi skoðað „eigin gögn“ Haga, það er gögn frá 10-11. ASÍ byggir verðkannanir sínar á gögnum fengnum í 10-11. Markmiðið er að upplýsa neytendur um verðlag þar. Ég veit ekki hvar annars staðar ætti að leita að gögnum, né hvar

annars staðar hina einu réttu niðurstöðu er að finna.

Um þetta snýst matsmálið og ekkert annað. Það er merkilegt að í stað þess að taka til í eigin ranni, breyta aðferðafræði sinni við verðmælingar þannig að þær endurspeglu raunverulegar verðbreytingar í verslunum á matvörumarkaði, bregst forysta ASÍ við með rangfærslum og útúrsnúningum. Það ætti að vekja ráðamenn, sem hafa veitt opinberu fé til verðlagseftirlitsins, til umhugsunar um trúverðugleika þess.

Höfundur er forstjóri Haga hf.

Ný SUMARTILBOÐ



Stillanleg rúm með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnu

Proflex	Verð	Tilboð
160x200	279.900	259.900
180x200	299.900	279.900
Scape	Verð	Tilboð
160x200	479.900	459.900
180x200	499.900	479.900

40% afsláttur

af flottu sængurverasettunum
í eftirfarandi stærðum:

140 x 220cm
200 x 200cm
200 x 220cm

20% afsláttur af
hlífðardýnum og lökum
við dýnukaup



10.000 kr. afsláttur af
öllum heilsurúmum



Sofia rúmstæði
með náttborðum

fyrir dýnu-stærð 160/180 x 200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900
Fataskápur
Tilboð **77.940** Verð áður 129.900



Rúmstæði – 2 viðarlitir

fyrir dýnu-stærð 180
Tilboð **52.140** Verð áður 86.900
Fyrir Queen dýnu
Tilboð **47.940** Verð áður 79.900
Einnig til í 160 og King



Visco-X með botni og fótum

Hjónarúm stærð 180 x 210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90 x 210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900



AKUREYRI

Svefn & heilsa



REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Tímamót í þjónustu við geðfatlaða í Reykjavík

UMRÆÐAN

Jóna Rut Guðmunds-dóttir skrifar um vel-ferðarmál.

Velferðarsvið Reykja-víkurborgar og félags-og tryggingamálaráðuneyt-ið hafa gert með sér þjónustusamning vegna uppbyggingar og framkvæmdar þjónustu við geðfatlaða. Ég geri ráð fyrir að margir notendur, aðstand-endur og starfsmenn bíði fullir eft-irvæntingar um hvað samningurinn felur í sér.

Í jafn viðamiklum samningum sem þessum er í mörg horn að líta og taka þarf tillit til fjölmargra



JÓNA RUT GUÐMUNDSDÓTTIR

þátta. Þegar tvö opinber þjónustukerfi setjast að sama borði, bæði með hags-muni notenda og samfé-lagsins að leiðarljósi, þarf að greina styrkleika núver-andi þjónustu og finna leið-ir til þess að tryggja upp-byggingu framtíðarþjónustu og síð-ast en ekki síst þarf að huga að hlutverki og far-sæld notandans. Á samningstíma verður áfram unnið að greiningu og samningsaðilar eru sammála um að gera þurfi áætlanir vegna framtíð-arinnar. Þannig þarf m.a. að huga að dagþjónustu og greina fjölda þeirra einstaklinga sem þurfa sértæka búsetu og stuðningsþjónustu.

Í mínum huga eru meginmark-

mið velferðarþjónustu við geðfatl-aða að gefa öllum einstaklingum færi á því að taka þátt og hafa hlut-verk. Það á ekki að útiloka einstakl-inga vegna andlegra sjúkdóma. Vonandi mun það heyra fortíðinni til að einstaklingar, sem hafa tæki-færi á því að vera virkir samfélags-þegnar, þurfi að búa til langs tíma á stofnunum. Það er bara hægt að stefna í eina átt; í átt að því að ein-staklingar sem geta verið virkir stuðning til þess. Það eru ekki ein-göngu hagsmunir viðkomandi ein-staklinga og fjölskyldna þeirra sem máli skipta heldur hagsmunir sam-félagsins.

Velferðarráð Reykjavíkurborg-ar samþykkti 11. júní síðastliðinn hugmyndafræði og stefnu sem

meðal annars byggist á valdeflingu, notendasamráði og hjálp til sjálfs-hjálpar. Aukin áhersla verður lögð á að meta færni og þjálfun í daglegri iðju. Með stuðningi við daglegt líf verður stuðlað að auknu sjálfstæði og unnið með bjargráð sem finnast hjá einstaklingnum sjálfum og í umhverfi hans.

Það er bæði von mín og trú að þetta gefi okkur aukin tækifæri til þess að uppfylla þá skyldu sem við höfum gagnvart þeim sem þurfa að reiða sig á stuðning til þess að hafa hlutverk og taka virkan þátt. Á næstu vikum verður verkefninu ýtt úr vör þegar tíu vinnuhópar munu hefja störf til þess að tryggja góða framvindu. Kallað verður eftir lykilaðilum en rúmlega fimmtíu manns koma beint að hópavinnunni.

Auk þess verður leitað til fjölda annarra einstaklinga vegna upplýs-inga, álits og samvinnu. Þeir lykil-aðilar sem um ræðir eru notendur, aðstandendur, féлага- og hagsmuna-samtök, starfsfólk Velferðarsviðs, starfsfólk Svæðisskrifstofu Reykja-víkur og starfsfólk Landspítala. Með þessu móti teljum við að upp-bygging við geðfatlaða í sértækri búsetu sem áætlað er að verði um 160 manns innan tveggja ára verði sem best borgið innan Reykjavíkur. Til að svo verði þurfa allir að leggj-ast á eitt og vinna að sama mark-miði; að geðfatlaðir fái sömu tæki-færi og aðrir samfélagsþegnar.

Höfundur er verkefnastjóri í málefnum fatlaðra á Velferðar-sviði Reykjavíkur.

JÓNSSON & LEWIS • JULIUS • SÍÐA

FYRIR



Stofnun Æskulýðssambands Íslands fyrir 50 árum

UMRÆÐAN

Hörður Gunnarsson skrifar um Æskulýðs-samband Íslands.

Hinn 18. júní 1958 var Æskulýðssamband Íslands – ÆSÍ stofnað í húsakynnum Stúdenta-ráðs Háskóla Íslands. Voru þar komnir saman fulltrúar öflugra landssamtaka æskulýðs-félaga í landinu en þeir höfðu und-irbúið stofnun ÆSÍ. Verkefni ÆSÍ var að koma fram fyrir hönd landssamtaka æskulýðsfélaga á Íslandi gagnvart alþjóðasamtök-um og erlendum stofnunum, sem og fjalla um æskulýðsmál á heims-



HÖRÐUR GUNNARSSON

vísu. Undirbúningur að stofnun ÆSÍ hafði legið niðri frá komu Svíans David Wirmark á haust-dögum 1957 fram á vor 1958, að hann hristi upp í málinu að nýju. Fulltrúar nokkurra landssambanda hittust á fundum og síðan var ákveðið að stofna til heildarsamtaka íslenskr-ar æsku. Nauðsynlegt þótti, að allar ungliðahreyfingar stjórnmalaflokkanna tækju þátt til að skapa meiri frið um samtök-in. Alls urðu níu samtök stofnaðil-ar ÆSÍ og voru það stjórnmal-a-hreyfingarnar fjórar, Samband ungra framsóknarmanna, Sam-band ungra jafnaðarmanna, Sam-band ungra sjálfstæðismanna og

Æskulýðsfylkingin, einnig Sam-band bindindisfélaga í skólum, Ungmennafélag Íslands, Íslenskir ungtemplarar, Stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra skáta. Í fyrstu stjórn Æskulýðssam-bands Íslands voru kjörnir Júlíus Jón Daníelsson formaður, Bjarni Beinteinsson, Hörður Gunnars-son, Magnús Óskarsson, og sr. Árelíus Níelsson. Formenn Æsku-lýðssambands Íslands fyrstu árin voru Júlíus Jón Daníelsson, Bjarni Beinteinsson, Magnús Óskarsson, Ólafur Egilsson, Skúli Norðdahl, og Hörður Gunnarsson. Umsókn ÆSÍ var samþykkt á þingi alþjóðlegu æskulýðssamtak-anna World Assembly of Youth í Nýju-Delí á Indlandi 1958, sem

Magnús Óskarsson sótti. ÆSÍ tók virkan þátt í starfi WAY. ÆSÍ var stofnaðili að Æskulýðs-ráði Evrópu, Council of European National Youth Councils, 1962. Í tilefni af því gaf Æskulýðssam-bandið forlata fundarhamar sér-smíðaðan af hinum rómaða lista-manni Jóni Gunnari. Í umsögn þáverandi formanns ÆSÍ, Ólafs Egilssonar, segir: „Hamarinn var af skemmtilegri hugmyndaauðgi listamannsins gerður úr járn, ýmist beinir teinar eða hringaðir líkt og gormar. Honum fylgdi klof-inn trjástofnsbiti með leðurhjör-um og var í stofninn greipt fyrir hamrinum þannig að luktist um hann þegar hann var ekki í notk-un. Trúlega er til ljósmynd af hamrinum sem gaman væri að

birta við tækifæri, ekki síst þar sem frægð Jóns Gunnars hefur haldið áfram að vaxa af Sólfari hans við Sæbraut sem nær hver ferðamaður staldrar við til mynda-töku eða lætur mynda sig hjá.“ Það væri verðugt verkefni fyrir Landssamtök æskulýðsfélaga, sem tóku yfir að hluta til starf-semi Æskulýðssambands Íslands, að kanna, hvar hamarinn sá er nið-urkominn nú enda hefur hann ekki aðeins sögulegt gildi vegna tilefn-is og gefanda heldur eigi síður eykst mikilvægi gripsins í sam-ræmi við rísandi frægðarsól lista-mannsins af Sólfari sínu.

Höfundur var stofnandi og stjórnarmaður Æskulýðssam-bands Íslands.

EFTIR



HAFÐU ÞAÐ AÐEINS BETRA

Með Stúdentakorti Glitnis færðu aðeins meira bensín, frelsi, popp og kók, meira pláss á tölvunni, aðeins meira álegg á pizzuna og margt fleira sem gerir lífið aðeins betra. Kynntu þér málið og sæktu um Stúdentakortið á glitnir.is.



FRIEDRICH NIETZSCHE ANDAÐIST
ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1900.

„Listin er hið sanna verk-
efni lífsins.“

Friedrich Nietzsche var þýskur heimspekingur sem á síðari hluta 20. aldar varð viðurkenndur sem mikilvægur hugsuður í nútímaheimspeki.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 25. ÁGÚST 1970

Stífla í Laxá rofin með dínamíti

Á annað hundrað manns safnaðist saman við stíflu Laxárvirkjunar í Miðkvísl í Pingeyjarsýslu að kvöldi þessa dags árið 1970 og rauf sex til átta metra skarð í hana með dráttarvélum, skóflum og dýnamíti. Vatnsflaumurinn fossaði í gegn. Mývetningar og aðrir Pingeyingar lýstu verknaðinum á hendur sér. Með honum vildu þeir mótmæla stækkun virkjunarinnar og gerð stíflunnar sem þeir töldu aldrei hafa verið löglega heimild fyrir. Undanfari aðgerðanna var mikil mótmæli gegn stíflunni í Miðkvísl sem var milli Arnarvatns og Geirastaða. Íbúar á svæðinu töldu að mannvirk-in hefðu mikil og neikvæð áhrif á lífríki Laxár og Mývatns. Þrátt fyrir að silungastigi væri í stíflunni sögðu þeir hana loka samgönguleiðum silungs milli Mývatns og Laxár og nefndu því til sönnunar að urriðaveiði hefði farið stórminnkandi bæði í ánni og vatninu.

Stjórn Laxárvirkjunar krafðist tafarlausrar rann-



sóknar á verknaðinum og hlutu ýmsir forsprakkar dóma fyrir aðild sína að málinu.

MERKISATBURÐIR

- 1609 Galíleó Galílei sýnir feneyskum kaupmönnum stjörnuvísi sem hann skoðaði tungl Júpíters með.
- 1718 Borgin New Orleans er stofnuð í Louisiana.
- 1825 Úrúgvæ lýsir yfir sjálfstæði frá Brasilíu.
- 1895 Stofnað var Hið skagfirski kvenfélag.
- 1907 Prentsmiðja stofnuð í Hafnarfirði og prentun Fjallkonunnar flutt þangað.
- 1912 Þjóðernisflokkur Kína, Kuomintang, stofnaður.
- 1944 Bandamenn frelsa París í síðari heimsstyrjöldinni.
- 1980 Microsoft kynnir sína útgáfu af Unix, Xenix.

AFMÆLI



ÁSTA K. RAGNARS-
DÓTTIR
NÁMSRÁÐ-
GJAFI
er 56 ára í dag.



TINNA
HRAFNS-
DÓTTIR
LEIKKONA
er 33 ára í dag.



TIM BURTON
LEIKSTJÓRI
er fimmtugur í dag.



JONAS
GAHR STØRE
UTANRÍKIS-
RÁÐHERRA
NOREGS
er 49 ára í dag.



Eiginmaður minn,
Sæmundur Helgason
bóndi á Galtarlæk, Hvalfjarðarsveit,

lést á laugardaginn 23. ágúst.
Guðbjörg Guðmundsdóttir



Ástkæri maðurinn minn, faðir,
sonur og bróðir,
Sveinn S. Þorgeirsson
Frakkastíg 22, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 8. ágúst 2008, verður jarðsunninn frá Neskirkju þriðjudaginn 26. ágúst 2008 kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á SÁÁ.

Anna Ringsted
Elisabet Ýr Sveinsdóttir
Þorgeir Sveinsson
Svava Pálsdóttir
Pálmar Þorgeirsson
Hrafnhildur Þorgeirsdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Aðalsteinn Þorgeirsson
og fjölskyldur.

Fallegir legsteinar
á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



MAGDALENA SIGURÐARDÓTTIR „Hér fyrir vestan virðast góð vaxtarskilyrði fyrir skóg.“

MYND/BB/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON.

MAGDALENA SIGURÐARDÓTTIR: HLAUT VIÐURKENNINGU FYRIR 30 ÁR Í SKÓGRÆKT

Meðfæddur ræktunaráhugi

„Ég held að ræktunaráhuginn sé meðfæddur,“ segir Magdalena Sigurðardóttir sem sinnt hefur formennsku í Skógræktarfélagi Ísafjarðar í rúm þrjátíu ár og var nýlega heiðruð fyrir óeigingjarnt starf af Skógræktarfélagi Íslands. Hún kveðst hafa verið beðin að taka að sér formennskuna á sínum tíma og ílengst í embættinu. Félagið hafi þá verið búið að starfa frá 1945.

Er Skógræktarfélag Ísafjarðar fjölmennt félag með áhugasamt fólk? „Það er eins og í flestum öðrum félögum viss kjarni sem vinnur, aðrir leggja til árgjaldið, góð orð og ábendingar.“

Hefur ykkur orðið vel ágengt í ræktuninni?

„Já, við erum bara ánægð með árangurinn. Hér fyrir vestan virðast vera góð vaxtarskilyrði fyrir skóg. Félagið helgaði sér land í Eyrarhlíðinni fyrir ofan bæinn og teygði sig inn Seljalandshlíðina, Seljalandsmúla og inn í Tungudal. Þó ekki alveg samfelld. Nú erum við komin fyrir botn Tungudals og byrjuð að planta í hlíðinni á móti. Áður var enginn skógur hér í fjallinu fyrir ofan kaupstaðinn en Tungudalur hefur alltaf verið kjarri vaxinn.“

Þurftuð þið að girða ræktunarlandið af? „Á sínum tíma girti bærin af hlíðina hér fyrir ofan en girðingin var færð. Það er lítið um búfjárhald hér í þéttbýlinu þó það sé annars staðar í firðinum.“

Hvaða trjátegundir hafið þið sett niður?

„Mest var gróðursett af sitkagreni og rauðgreni á fyrstu árunum. Líka stafafuru og lítills háttar af lerki. Birkið hefur sótt á á seinni árum enda meira framboð af því eftir að landgræðsluskógaverkefnið fór af stað.“

Þrífst þetta allt jafn vel fyrir vestan?



SKÓGURINN SETUR SVIP Á HLÍÐINA FYRIR OFAN ÍSAFJÖRÐ Fyrstu árin var mikið gróðursett af sitkagreni og rauðgreni í hlíðinni. Stafafura bættist svo við og einnig lerki. Birki hefur svo sótt á í seinni tíð.

„Já, það hefur allt dafnað ágætlega nema rauðgrenið. Það hefur ekki sýnt eins góðan vöxt og aðrar tegundir.“

Hafið þið svo selt jólatré úr þessum skógi ykkar?

„Við gefum kirkjunni alltaf jólatré og höfum í mörg ár skaffað öll jólatré sem bærin skreytir með en ekki selt til heimilisnota.“

Hefur þið verið sjálf að setja niður eða stjórnað vinnuflokkum sem séð hafa um það?

„Ég hef auðvitað gripið í gróðursetningu en yfirleitt höfum við ráðið okkur verkstjóra og svo fengið hópa frá vinnuskólanum á vegum bæjarins. Svo hafa sjálfboðaliðar líka lagt hönd á plóg. Eftir því sem skógurinn stækkar fjölga störfum því umhirdan eykst og það þarf að grisja og leggja göngustíga.“

Hvaðan ert þú, Magdalena?

„Ég er af sunnanverðu Snæfellsnesi. Frá Hrísdal í Miklaholtshreppi.“

Ólst þú þar upp við trjáækt?

„Nei, en það var skógur í landi Hrísdals sem við höfðum mætur á.“

Hversu lengi hefurðu búið á Ísafirði?

„Í 54 ár eða frá árinu 1954.“

Þá hefur hlíðin fyrir ofan bæinn litið talsvert öðruvísi út.

„Já, það var samt byrjað að planta skógi þar þá og hann svolítið farinn að potast upp.“

Hefur ræktunin aldrei orðið fyrir skakkaföllum af skriðum og snjó?

„Það er minna um það en ætla mætti. Við lifum í þessari náttúru sem er umhverfis okkur og gerum ráð fyrir að hún hafi stundum sín áhrif.“

gun@frettabladid.is

FÖNDUR er skemmtileg dægrastytting heima við og gaman er að kunna að föndra eitthvað fallet. Á heimasíðunni www.fondurstofan.is má finna námskeið sem hægt er að sækja til að læra réttu handtökin. Ef næg þátttaka fæst eru í boði námskeið sem heita rússneskur spíral, kvilling og hollenskur spíral sem hljóma vissulega nokkuð framandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

JUST FOOD

TO GO→

HÁDEGISTILBOÐ 900 KR

LAUGARÁSVEGUR 1 – SÍMI 588 8588





Sláttuvél með með grassafnara og afturútkasti!

BOSS

- 5,5 hestafla HONDA motor
- 53 cm sláttubreidd
- Drif
- Järnhjól með legum
- Safnkassi

HVELLUR.com
..í einum grænum

Hvellur - Smiðjuvegí 30 - Kópavogí - Sími 577 6400 – www.hvellur.com

Býrðu í eitruðu umhverfi?



Íshúsið býður lofthreinsitæki og þurrktæki til að verjast

myglusvepp

ís-húsið

Smiðjuvegí 70 - 200 Kópavogí

Loftkæling - Loftbæting - Viftur

Ásta Sigurðardóttir útlitshönnuður er alsæl með nýja hvíta leðursvefnsófann úr Betra baki.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Afslappandi leðurhvíla

Í Árbæ býr fögur snót með minimalískan sveitastíl ofinn rómantísku látleysi. Sem útlitshönnuður situr hún sjaldan með hendur í skauti þegar kemur að fegrun á ásýndum hóbýla, heima eða að heiman.

„Nýi hvíti leðursófinn á alla mína athygli þessa dagana, en annars á ég kynstrin öll af skemmtilegum og spes húsgögnum síðan ég var við nám í Danmörku og kom heim með alls konar gersemar,“ segir Ásta Sigurðardóttir útlitshönnuður, sem viðurkennir að hún sé dugnaðarforkur þegar kemur að innkaupum fallegra hluta til heimilisins.

„Ég tók íbúðina í gegn fyrir um ári síðan og henti öllu út, en stíllinn minn er naumhyggja blönduð látlausri sveitarómantík. Í augna-

blikinu er ég með æði fyrir öllu hvítu, en með sófanum hef ég sett punktinn yfir i-ið og hef augun opin fyrir nýjum heimkynnum; helst hreysi sem ég get strípað niður í grunn og endurreist alveg frá grunni,“ segir Ásta glöð í bragði.

„Þó að ég fái góða útrás fyrir sköpunargleði í vinnunni er ég sjaldnast lengi til friðs heima. Ég hef alltaf verið dugleg að umræða og leita nýrra leiða til að fá ferskan svip á heimilið, en oft þarf lítið til að breyta ásýnd hóbýla; nóg er

að endurraða stólum og kaupa kerti eða púða í nýjum lit,“ segir Ásta sem starfar sem útlitshönnuður og ráðgjafi hjá BYKO, en hefur ekki undan að leggja útlitslínur með Íslendingum þess utan.

„Það er mjög mikið að gera og margir að taka í gegn hjá sér sem vilja aðstoð við skipulagningu og nýtingu rýmis. Starfið er fjölbætt, skemmtilegt og erilsamt, og þess vegna gott að eiga góðan sófa til að teygja úr sér í og lesa hönnunarbækur sem bíða á sófaborðinu.“

thordis@frettabladid.is

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst 29. ágúst n.k.

Staðsetning í Mjódd www.ovs.is



Öko- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNÞRITUN Í SÍMA 588-1414

„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is






Lokað vegna sumarleyfa

opnum aftur 3. september

Myndavéla-
viðgerðir
Skiopholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

Orðsporið kynnir okkur

Hekla er handverkhús á Hellu sem stendur á bökkum Ytri-Rangár og hefur að geyma margs konar muni. Þar ræður Særún Sæmundsdóttir ríkjum. Í húsinu er einnig upplýsingamiðstöð ferðamanna.

Við erum stödd á Hellu. Beygjum af þjóðvegi 1 við sjoppuna og ökum inn bakka Ytri-Rangár eftir götunni Þrúðvangi. Niður við fljótið er Handverkhúsið Hekla sem verið hefur starfrækt í þrjú ár og þar er líka upplýsingamiðstöð ferðamanna. Ostaspaða og hnífa með hreindýrahornssköftum, glermuni, ullarvörur og alls konar fínerí ber fyrir augu. „Við reynum að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og höfða til sem flestra,“ segir verslunarstjórinn Særún brosandi.

Spurð hvort hús með þessa starfsemi sé ekki um of úr alfaraleið svarar hún. „Nei, ekki finnst okkur það. Við viljum endilega fá fólk inn



Herðaslár eru heitar í haust.

FRÉTTABLAÐID/GUN

vís. „Íslendingum finnst eflaust að allt eigi að vera þar sem þeir stoppa sem er helst í sjoppunni. En þeir sem koma hingað eru ánægðir og orðsporið kynnir okkur best. Bæði erum við á einstökum stað hér á árbakkanum og húsið er svolítið hrátt en rúmt. Auk þess geymir það mikla sögu því þetta var sláturhús og þess má geta að eigendurnir eru með áform um að opna safn á efri hæðinni. Svo er fallegt gistiheimili hér við hliðina.“

gun@frettabladid.is



Hekla handverkhús stendur á bökkum Ytri-Rangár á Hellu.

Viðhaldsfríar

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða

**Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki**



HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Altarisdúkar rannsakaðir

Sýningin Þingeyskir altarisdúkar var opnuð síðastliðinn laugardag og er hún haldin bæði í Byggðasafni Norður-Þingeyinga við Kópasker og í Safnahúsinu á Húsavík. Sýning stendur til 4. september.

Sýningin Þingeyskir altarisdúkar er hluti af verkefni Altarisdúkar í íslenskum kirkjum sem fór af stað fyrir fimm árum síðan, en það eru þær Jenný Karlsdóttir og Oddný E. Magnúsdóttir sem standa að því. Verkefnið gengur út á að rannsaka sögu og mynstur altarisdúka. „Við unnum sams konar verkefni í Eyjafjarðarprófastsdæmi sem lauk einnig með sýningu sem þessari. Það eru tvö ár síðan við höfum markvissa rannsókn hér í Þingeyjarsýslu,“ segir Jenný. Að sögn hennar er töluverður munur á altarisdúkum á milli þessara tveggja prófastsdæma, en hann liggur aðallega í gerð mynstranna.

Það sem kom þessu verkefni af stað var sameiginlegur áhugi Jennýjar og Oddnýjar á handverki og mynstrum, en að sögn Jennýjar hefur markviss rannsókn á altarisdúkum ekki verið gerð áður. „Það sem vakir fyrir okkur er að kanna mynstur, gerð og sögu altarisdúka í kirkjum, að skrá allar tiltækar upplýsingar og stuðla að varðveislu þessara menningarverðmæta. Einnig að vekja athygli á þessum dúkum og vinnu kvenna, en það voru og eru eingöngu konur sem vinna þetta handverk,“ segir Jenný.

Hún segir að kirkjutextílar hafi áður verið rannsakaðir en altarisdúkar hafa orðið útundan. Oddný er þjóðfræðingur að mennt. Hún sá um að skrá niður allar upplýsingar um dúkana, mæla þá og skoða efnin en Jenný sá um að ljósmynda verkefnið. Einnig var unnið að því að grafast fyrir um sögu dúkanna. „Margir þeirra eiga sér merkilega sögu. Oft eru þetta minningagjafir og mikil alúð lögð í gerð þeirra. Stundum hafa tveir ættliðir eða heilu kvenfélögin sameinast um gerð dúkanna. Það er margt skemmtilegt sem hefur komið í ljós við þessa vinnu,“ segir Jenný.



Oddný og Jenný hafa rannsakað sögu og gerð altarisdúka í fimm ár.

Verkefnið hefur verið stutt af Kristnihátíðarsjóði, Þjóðhátíðarsjóði, Menningar- og listasjóði Norðurlands, Þingeyjarprófastsdæmi ásamt fleirum.

Um er að ræða atvinnuhúsnæði til sölu eða leigu á tveimur hæðum, hvor hæðin er um 173,7 fm, alls 347,4 fm. Neðri hæðin er með innkeyrsluhurð og lagerymi. Á efri hæðinni eru skrifstofur. Forstofa og móttaka eru í opnu rými, náttúrsteinn á gólf. Tvær rúmgóðar skrifstofur og fundaraðstaða í opna rýminu eru með parketi. Eignin er laus strax en einnig er hægt að skoða leigumöguleika á húsnæðinu. Nánari upplýsingar veitir Sigurður, sölufulltrúi RE/MAX Torg í GSM: 898 6106, netfang: sg@remax.is

RE/MAX

Torg

Sigurður
Sölufulltrúi
898 6106
sg@remax.is

Bergsteinn Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

Ásberg Fasteignasala

asberg.is

Hafnargata 27 • 230 Keflavík
Símar 421 1420 / 421 4288
asberg@asberg.is • asberg.is

Jón Gunnarson löggiltur fasteigna- og skipasali

5125050

Auglýsingasími

Mest lesið



Fjarðargötu 17
Hafnarfirði
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang: as@as.is
www.as.is
Opið virka daga
kl. 9-17

LÓÐIR



**REYNIFELL - FRÁB. STAÐ-
SETNING** Flott 11.404 fm EIGNAR-
LÓÐ í landi Reynifells með glæsilegu
útsýni. Rafm/kalt vatn á lóðarmörk-
um. **Verð 2,9 millj.** 7601

EINBYLI



VESTURVANGUR Fallegt 352 fm
einbýli á tveim hæðum á einum besta
útsýnisstað í hraunjaðri Norðurbæjar í
Hafnarfirði. **Verð 75,0 millj.** 7099



TÚNGATA - ÁLFTANES Fallegt
velviðhaldið 134,7 fm einbýli á einni
hæð, ásamt 34,4 fm bílskúr, samtals
169,1 fm á góðum og rólegum stað.
Verð 47,5 millj. 7817



FÍFUMÝRI - GARÐABÆR Sér-
lega fallegt 227,7 fm EINBYLI á tveim
hæðum, ásamt 40,1 fm BÍLSKÚR,
samtals 267,8 fm. Stutt í leik- barna-
og framhaldsskóla, sund og fl. 7773



**ÞINGVÆÐ - NÝTT OG
GLÆSILEGT** Nýtt sérlega fallegt
217,9 fm einbýli á einni hæð, ásamt
34,3 fm bílskúr, samtals 252,2 fm á
góðum stað. Vandaðar innréttingar,
tæki, gólfefni og fl. 7769



NORÐURTÚN - ÁLFTANES
Einstaklega fallegt og mikið endurný-
að einnar hæðar einbýli. Glæsilegur
garður og pallar. Eign sem **Verður að
skoðast.** Verð 53,6 millj. 7670



LINDARFLÖT - GARÐABÆR
Sérlega gott einnar hæðar einbýli á
Flötunum í Garðabæ. Góður bílskúr
og stór lóð. **Verð 56,9 millj.** 7662



ERLUÁS - EINBYLI Á 1 HÆÐ
Fallegt 194 fm einbýli á einni hæð
með innb. bílskúr. Góð staðsetning
og stórir pallar. **Verð 62 millj.** 7516



**MJÓSUÐ - SKIPTI Á EIGN
ÚTI Á LANDI** Fallegt talsvert END-
URNÝJAD EINBYLI á frábærum stað
í hjarta Hafnarfjarðar. SKIPTI MÖGU-
LEG Á EIGN ÚTI Á LANDI. **Verð 28,7
millj.** 7432



**DREKAVELLIR - SKIPTI
MÖGULEG** Fallegt 183 fm einbýli á
einni hæð ásamt 30 fm bílskúr, sam-
tals 213,8 fm Skilast fullbúið að utan,
rúmlega fókelt að innan. LAUST
STRAX. **Verð 42,9 millj.** 7351



**FAGRÁKINN - SKIPTI Á
MINNA** Virðulegt og vel viðhaldið
194,7 fm EINBYLI á þremur hæðum,
ásamt 41,0 fm BÍLSKÚR, samtals
235,7 fm **Verð TILBOÐ. SKIPTI
MÖGULEG Á MINNI EIGN.** 7316



**GUNNARSSUND - LAUST
STRAX** Fallegt 127 fm einbýli á frá-
bærum stað í miðbæ Hfj. 3 sv.herb.
Verönd, svalir og fallegur garður.
Verð 32,4 millj. 7051



RAD- OG PARHÚS
BREKKUHLÍÐ Sérlega fallegt full-
búið 169,0 fm PARHÚS á tveimur
hæðum, ásamt 36,0 fm BÍLSKÚR,
samtals 205,0 fm á frábærum stað í
Hlíðunum í Hafnarfirði. 7820



**MIÐVANGUR - ENDARAÐ-
HÚS** Fallegt 187 fm endaraðhús á
góðum stað með bílskúr og sólstofu.
Fjögur herbergi. Glæsilegur garður.
Verð 44,9 millj. 7770



ERLUÁS - ENDARAÐHÚS
Fallegt ENDARAÐHÚS 162,4 fm, þar
af bílskúr ca 20 fm 4 svefnherbergi.
Stórar svalir 42,5 fm Fallegur garður.
7350



HÆÐIR
ÖLDUSLÓÐ m/BÍLSKÚR Fal-
leg 129,7 fm NEDRI HÆÐ, ásamt
22,2 fm BÍLSK. í þrjú. Nýtt rafm. og
lekalíðatafla, nýir tenglar. Ný innrét. í
eldh., stáltæki. **Verð 35,8 millj.** 7658



SUÐURGATA - BÍLSKÚR
Björt og vel skipulögð 171 fm hæð
m/bílskúr í fjórþýli. 4. sv.herb. SV-
svalir. **Verð 35,8 millj. Góð eign þar
sem** Verðið er einungis 209 þús. á fm
7553



4RA TIL 7 HERB.
BOGAHLÍÐ - REYKJAVÍK Góð
136 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölþýli. 4
svefnh., möguleiki á fimmta. Björt og
falleg eign. **Verð 34 millj.** 7822



ÁLFHOLT Falleg og björt 111,8 4ra
herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjöl-
þýli, ásamt 10,7 fm aukaherbergi á
jarðhæð, samtals 123 fm **Verð 27,6
millj.** 7737



**ERLUÁS - GLÆSILEGT ÚT-
SÝNI** Sérlega falleg 102 fm 4ra her-
bergja ENDAÍBÚÐ í fallegu fjölþýli.
SÉRINNGANGUR. Parket og flisar.
Verð 29,8 millj. 7636



SUÐURBRAUT Falleg 100,9 fm
4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu
litlu fjölþýli á góðum útsýnisstað. 3
möguleg 4 svefnherbergi. **Verð 23,5
millj.** 7539



BREIÐVANGUR - GLÆSILEG
Mikið endurnýjuð 4ra herbergja íbúð,
ásamt bílskúr á 2. hæð í fjölþýli. Nýl.
innréttingar og tæki, granít á borðum,
parket og granít og gólfum. Arinn í
stofu. **Verð 26,9 millj.** 6575



**LÆKJARGATA - MEÐ BÍL-
SKÚR - LÆKKAÐ VERÐ** Glæsi-
leg 127 fm 3ja til 4ra herb. ENDA-
ÍBÚÐ á 2. hæð í fallegu nýlegu
LYFTUHÚSI, ásamt 28 fm BÍLSKÚR.
Frábært útsýni. **Verð 39,9 millj.** 7412



LYNGMÓAR - MEÐ BÍLSKÚR
Falleg 113 fm 4ra til 5 herbergja END-
ÁÍBÚÐ á 2. hæð m/BÍLSKÚR í góðu
6 íbúða húsi í HJARTA GARÐABÆ/J-
UR. Stórar svalir. Góð staðsetning.
Verð 28,7 millj. 7250



SUÐURBRAUT Rúmgóð 112,3
fm endaíbúð á 3. hæð. 3 sv.herb.
Hús nýlega viðgert að utan. Frábært
útsýni. **Verð 24,3 millj.** 7065



3JA HERB.
SKEGGJAGATA - R.VÍK Góð
3ja herb. 62,3 fm íbúð á 2. hæð í þrí-
þýli. RÓLEGUR OG GÓÐUR STAÐ-
UR. **Verð 16,9 millj.** 7829



HRÍSMÓAR - LYFTUHÚS Fal-
leg 111,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð í
LYFTUHÚSI, ásamt bílastæði í bíla-
geymslu á góðum stað í miðbæ
Garðabæjar. 7767



KELDUHVAMMUR - ÚTSÝNI
Falleg 86,7 fm 3ja herbergja risibúð í
góðu þríþýli á góðum og rólegum út-
sýnisstað. **Verð 17,9 millj.** 7766



HÓLABRAUT - LAUS STRAX
Góð 77,4 fm 3ja herbergja íbúð á 2.
hæð í litlu fjölþýli á góðum og róleg-
um stað. LAUS STRAX. **Verð 18,5
millj.** 7731



KRÓKAHRAUN - LAUS STAX
Góð 88,8 fm 3ja til 4ra herbergja
ENDAÍBÚÐ á 1. hæð í klasahúsi á
sérlega góðum og rólegum stað í
Hrauninu í Hafnarfirði. **Verð 22,4
millj.** 7665



HÁHOLT - SÉRINNGANGUR
Falleg 3ja herbergja íbúð, 109 fm á
jarðhæð með sér inngangi. Falleg og
vel með farin íbúð, verönd, laus fljót-
lega. **Verð 25,5 millj.** 7481



**HRINGBRAUT - 3JA TIL 4RA
Herb.** Falleg talsvert endurnýjuð
80,0 fm 3ja til 4ra herbergja íbúð á 2.
hæð í góðu tvi-/fjórþýli á góðum stað
í suðurbænum. **Verð 19,9 millj.** 7439



BURKNAVELLIR Vorum að fá í
einkasölu gullfallega endaíbúð í að-
eins sex íb. stigagang. Ljósar innrét-
tingar. **Verð 22,9 millj.** 7336



ÁLFASKEIÐ Góð 125,7 fm íbúð á
efstu hæð m/bílskúr. 2 sv.herb. Suð-
vestursvalir. Flott útsýni. **Verð 21,9
millj.** 7254



LAUFVANGUR Góð 89 fm íbúð á
2. hæð. 2 sv.herb. Suðvestursvalir.
Stutt í þjónustu. 7114



ESKIVELLIR Falleg 85,0 fm
enda-/horníbúð á jarðhæð. 2 sv.herb.
Verönd m/skjólveggjum. **Verð 20,5
millj.** 7098



**TUNGUVEGUR HAFNAR-
FIRÐI** Kósý 63,7 fm neðri hæð í tvi-
þýli. Svefnh., stofa og borðstofa, sem
hægt væri að breyta í herbergi. Sér-
inngangur. **Verð 15,5 millj.** 6851



ESKIVELLIR - LYFTUHÚS
LAUS STRAX NÝLEG GLÆSILEG
76,9 fm 2ja herb. íbúð á 4. hæð.
Frábært útsýni. **Verð 20,5 millj.** 7780



ÁLFASKEIÐ - M. BÍLSKÚR
Falleg talsvert endurnýjuð 63,2 fm 2ja
herbergja íbúð á 4. hæð, auk 23,7 fm
bílskúrs. **Verð 18,5 millj.** 7347



GRINDAVÍK
LEYNISBRAUT Fallegt 136,6 fm
einbýli á einni hæð, ásamt 49,3 fm
bílskúr á góðum stað í miðbæ
Grindavíkur. **Verð 28,9 millj.** 7824



**LITLUVELLIR - mikið endur-
nýjað** Fallegt og mikið endurnýjað
61,3 fm 2ja herb. raðhús á góðum
stað. **Verð 13,9 millj.** 7777



**ÁRNASTÍGUR - LAUST
STRAX** NÝLEG og GLÆSILEGT
133 fm ENDARAÐHÚS á einni hæð
með BÍLSK., á góðum og rólegum
stað í nýl. hverfi. **Verð 24,9 millj.** 7606



BAÐSVELLIR Fallegt talsvert
endurnýjað einbýli á einni hæð,
ásamt bílskúr á mjög góðum stað í
útaðri bæjarins. 4 svefnherbergi.
Verð 28,5 millj. 7525



**SUÐURHÓP 1- FYRIR 50
ÁRA OG ELDRI** NÝLEG, SÉR-
LEGA FALLEG 123,9 fm 3ja herb.
ENDAÍBÚÐ Á 2. hæð, ásamt STÆÐI í
BILAGEYMSLU í nýlegu glæsilegu
LYFTUHÚSI. **Verð 27,2 millj.** 7500



**BORGARHRAUN - TVÆR
ÍBÚÐIR EF VILL** GLÆSILEGT
MIKIÐ ENDURNÝJAD 113,6 fm EIN-
BYLI á einni hæð, ásamt 51 fm BÍL-
SKÚR og 33,1 fm SKÁLI, eða sam-
tals 197,7 fm **Verð 36,8 millj.** 4660



**HÓLAVELLIR - LAUST
STRAX** Talsv. endurn. 136,1 fm
einbýli. Teikn. af 51,5 fm bílsk. fylgja.
4 sv.herb. **Verð 25,5 millj.** 7215



VESTURHÓP Nýtt og glæsilegt
204,7 fm einbýli m/bílskúr á góðum
stað. 4 sv.herb. Skipti möguleg. **Verð
37,9 millj.** 6195



VESTURHÓP - LAUST STRAX
Fallegt og fullbúið 160 fm parhús
m/bílskúr, lofhæð mikil í bílskúr. 3-4
sv.herb. Afhending strax. Áhv. íbúð-
alsj. 18,0 millj. **Verð 34,9 millj.** 6730



VESTURHÓP - FULLBÚÐ Fal-
legt 205 fm einbýli í byggingu m/bíl-
skúr, lang komið í byggingu, 4
sv.herb. **Verð 28,9 millj.** 9757



AUSTURHÓP 14 OG 18 -
209,0 fm einbýli m/bílskúr. 4 sv.herb.
Verð 24,9 millj. 9656



**SUÐURGATA - SKRIF-
STOFUHÚSNÆÐI - SAND-
GERÐI** Gott og bjart 233,5 fm skrif-
stofuhúsnæði á fráb. stað í miðbæ
Sandgerðis. **Verð 24,9 millj. Húsið
er tvískipt, öruggir leigutakar. Al-
mennt gott ástand eignar.** 7262



VALBRAUT - GARÐUR Fallegt
182 fm einbýli m/bílskúr. 4 sv.herb.
Verönd m/skjólveggjum. **Verð 23,8
millj.** 6779



**HEINABERG - ÞORLÁKS-
HÖFN** Fallegt einbýli 176,4 fm, ein-
býli. MIKIÐ ENDURNÝJAD. Fallegt
og vel við haldið hús á góðum stað.
Verð 29,9 millj. 7554



**HÓLSVEGUR - BOLUNGAR-
VÍK** 259,1 fm einbýli m/bílskúr. 4
sv.herb. Tvær íbúðir eru í húsinu en
hægt að nota sem eina líka. **Verð
10,9 millj.** 7197



ÁLFABYGGÐ - SÚÐAVÍK Fal-
legt 94,2 fm einbýli á góðum stað. 4
sv.herb. **Verð 9,8 millj.** 6270



GRANDATRÖÐ - LAUST
FLJÓTLIGA Nýlegt og glæsilegt at-
vinnuh. (ENDABÍL) á góðum stað.
Hæðin er 201,2 fm og milli loft
73,5 fm. **Verð 49,5 millj.** 7510



STAÐARSUND - GRINDAVÍK
- 3 BIL EFTIR Ný 100 fm atvinnu-
bil, með mögulegt 40 fm milli loft.
Stórar innkeyrsludyr, hiti í gólf, mikil
lofthæð. Afhending strax. **Verð frá
11,5 millj.** 9644



TRÖNUHRAUN - HF Gott 258,4
fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum
sem skiptist niður í 138,4 fm fm
gólfloft, ásamt ca: 120,0 fm milli loft.
Verð 36 millj. 7541



Kári Halldórsson, lögg. fasteignasali - Jónas Hólmgeirsson - Eiríkur Svanur Sigfússon, lögg. fasteignasali - Melkorka Guðmundsdóttir
Jón Örn Kristinsson, lögg. fasteignasali - Birna Benediktsdóttir - Laufey Lind Sigurðardóttir, lögg. fasteignasali



NÚ FÁ SÉR ALLIR ASKRIFT!

4 LEIKSÝNINGAR Á EINUNGIS 8.900 kr.

Meiri snerpa

Hver leiksýning er sýnd þétt og í takmarkaðan tíma. Það er því um að gera að skipuleggja leikhúsið fyrirfram og tryggja sér miða á þær sýningar sem heilla mest.

Þú átt valið

Þú velur þær fjórar sýningar sem þér finnst mest spennandi af glæsilegri dagskrá Borgarleikhússins.

Áskriftarkort

Hringdu í síma 568 8000 eða farðu á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

EF ÞÚ SKIPTIR 3 PS3 LEIKJUM
UPP Í NÝJANN BORGAR ÞÚ AÐEINS

999,-



999,-
EF ÞÚ SKILAR NIN 3
GÖMLUM PS3 LEIKJUM!



999,-
EF ÞÚ SKILAR NIN 3
GÖMLUM PS3 LEIKJUM!



999,-
EF ÞÚ SKILAR NIN 3
GÖMLUM PS3 LEIKJUM!



999,-
EF ÞÚ SKILAR NIN 3
GÖMLUM PS3 LEIKJUM!



999,-
EF ÞÚ SKILAR NIN 3
GÖMLUM PS3 LEIKJUM!



999,-
EF ÞÚ SKILAR NIN 3
GÖMLUM PS3 LEIKJUM!



999,-
EF ÞÚ SKILAR NIN 3
GÖMLUM PS3 LEIKJUM!



999,-
EF ÞÚ SKILAR NIN 3
GÖMLUM PS3 LEIKJUM!

SVONA VIRKAR GAMESTÖÐIN

1 ➡ KOMDU MEÐ GÖMLU
LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA


2 ➡ SKIPTU ÞEIM UPP Í...
EÐA FÁÐU PENINGINN!

3 ➡ KAPTU LEIKJATÖLVUR EÐA
LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!

**GAME
STÖÐIN**

➡ SPILAÐU MEIRA
- BORGÐU MINNA!

OPÍÐ 12-22 ALLA DAGA · SKEIFAN 17 · 550 4400



NOKKUR ORÐ
**Sara
McMahon**

Óstundvísi og óskipulag

Ég bjó fyrir nokkrum árum í Austurríki og þar kynntist ég hinni margrómuðu skipulagshæfni Þjóðverja. Nema ólíkt mörgum öðrum fannst mér hún æðisleg og mig langaði að verða jafn fær í að skipuleggja og plana og þeir. Allt gekk eins og vel smurð vél, strætisvagnar gengu á réttum tíma, fólk mætti í boð og veislur á slaginu og samkomur voru skipulagðar út í þaula með nokkurra vikna fyrirvara. Mörgum þykir þetta eflaust mjög óspennandi en ég er á öðru máli. Ég hef margoft lent í því að bjóða gestum í mat og á tilsettum tíma er ég búin að dekkja borð og maturinn næstum til. Svo tekur við biðin eftir gestunum og á meðan kólnar maturinn. Ég hef líka orðið vitni að því þegar einn fjölskyldumeðlimur stóð í ströngu við að skipuleggja litla helgarferð út á land. Það gekk ekki betur en



svo að á nokkurra mínútna fresti hringdi einhver gesturinn og afboðaði sig og stuttu seinna boðaði sig á ný. Bílar fylltust og tæmdust á víxl og aumingja skipuleggjandinn vissi aldrei hvort hann ætti að gera ráð fyrir tíu manns í mat eða einungis fjórum. Ég dró mig fljótlega í hlé og lét greyð fjölskyldumeðliminn takast á við þetta einan enda getur það tekið á taugarnar að standa í svona hringavitleysu.

Mér finnst það ósiður að geta ekki mætt á réttum tíma og láta fólk bíða eftir sér og mér finnst að Íslendingar mættu taka Þjóðverja sér til fyrirmyndar þegar kemur að stundvísi og skipulagi. Þó það sé óþarfi að ganga jafn langt og Þjóðverjinn hvað þetta varðar þá gætum við í það minnst lært að mæta á réttum tíma í matarboð svo að gestgjafinn þurfi ekki að bjóða upp á kalda sósu með volgu kjöti.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hugþekkur skáldskapur

Bókin er kveðja höfundar til jarðlífsins, lofsöngur um litbrigði jarðar og óttalaus sátt við ævilok-in. Ljóðin eru persónuleg; orðvarar hugleiðingar um samspil manns og náttúru og minningar liðinna daga, ferðalag um farinn veg með feigðina ávallt í baksýn-isspeglinum. Ljóðin einkennast af bjartsýni, trú, von, sátt, sól og skugga, sjálfsögðum veðrabrigðum, hugdirfð og sálarró, fullvissu um framhald, vitund um nýjan dag að morgni hverrar nætur. Dauði ljóðanna er söknuður en ekki endalok, sorgin er þeirra sem eftir lifa.

Vitnisburður bókarinnar um þessa fullvissu um eilífð er náttúran sjálf og fegurð sköpunar-verksins, birtingarmynd almættisins í ásjónu móður jarðar. Vitnisburðurinn er hvorki engill né framlíðinn svipur, hvorki barnatrú né biskupsvatn, heldur kirkjulækurinn sjálfur, guðsorðið í gjálpi vatnsins, lífsandinn í ljósi sólar, máttarvöld „morgundýrðarinnar“ (57). Lausnarinn býr í brjósti mannsins, með orðspori sínu gengur hann á vatni.



BÓKMENNTIR Ljóðabók Ólafs Ragnars-sonar, blaðamanns, ritstjóra og útgefanda, segir Sigurður Hróarsson einfaldan en hugþekkan skáldskap.

Vilji hans er frjáls og valið „sífellt innan seilingar“ (28):

„.... kaleikur bölsýni og kjarkleys-
is,
fleytifullur af myrkri.
Fjær stendur bikar vonar og
bjartsýni,
barmafullur af ljósi.
Teygðu þig í hann“.

Heilræði og hvatning af þessu tagi einkenna bókina, skáldið ávarpar þá lesandann en „þú“ er jafnframt óákveðið fornafn (maðurinn almennt) og vísar að auki beint til höfundar – sem er sérkenni bókarinnar. Skáldið ávarpar þá höfund sinn, hvetur hann til dáða og hughreystir í annarri persónu eintölu, eins og rödd að handan eða opinberun lífsvonar úr eigin sálarkirnu sem öðlast hefur sýn til eilíðar og kappkostar að koma henni í orð. Göfug ætlun og góður ásetningur en orðin sjálf vandlega rit-skoðuð í ljósi liðinnar hefðar og reiða sig oft á heimaríkan höfuð-staf.

Bókin er sér meðvituð um bók-legan bakhjarl sinn, hæverska höfundar birtist í ljóðformi sem nánast keppist við að sigrar hvorki áhrifavaldinn né efnistökin. Virðing skáldsins fyrir töfrum föðurlandsins og skáldmæltum börnum þess birtist í lítillæti gagnvart frumsköpun, auðmýkt gagnvart þeirri hyggju að skáld-skapurinn sjálfur sé vitnisburður ódauðleika.

Skáldið fetar fótspor feðranna, vísvitandi f fyrir f, lofar allt og alla sem á sig orka en lítur ekki á það sem hlutverk sitt að reynast jörðu jafnoki, ekki í list eigin ljóða - mannorð þeirra er hei-lindi, ekki sigurorð. Ofstuðlun og ofskýring einstakra ljóða er þá stílbragð eða eins konar sáttmáli við liðna tíð, lofgjörð „lognöld-unnar“, hugheil uppgjöf gagn-vart ósigrandi dýrd almættis og reglu.

Mér verður hugsað til höfundar Lilju, bróður vors. Hann stendur í sömu sporum, eins og allir fyrr eða síðar, feigðin kallar.



BÓKMENNTIR
Agnarsmá brot úr eilífi
Ljóð eftir Ólaf Ragnarsson
Veröld 2007
★★★★
Hugþekkur skáldskapur

Hann óttast svo um sálu sína á dómsdegi og illt orðspor að einungis ákall sem öllu tekur fram er áður hefur verið á tunguna ritað er tekið til greina sem mót-rök. Saksóknarinn með horn og hala. Og Egill finnur upp enda-rímið til að bjarga sér hérameg-in. Nú er öldin önnur, skáldið raðar saman af lítillæti „agnar-smáum brotum“ og óttast ekki dóm, þarf ekkert að sanna fyrir rétti, gengur á traustu vatni til móts við himinbjarta vissu.

Bókin sjálf er afar vandaður og fallegur prentgripur, minnis-varði um virtan útgefanda, verk-lag til fyrirmyndar.

Ljóf bók og bjartsýn svo af ber, lýsir upp skammdegi ævi-kvöldsins. Einföld ljóð, ekki margslunginn skáldskapur en hugþekkur.

Sigurður Hróarsson

Tónlistarkennarar!

Óskum að ráða
píanókennara í 1/2 starf og
tréblásturshljóðfærakennara,
einnig í 1/2 starf.

Tónskóli Hörpunnar.
Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 822 0398.



KEMUR Í VERSLANIR 28. AGÚST

GLÆNÝR **SIMS 2 AUKAÐÍSKUR** ÞAR SEM SIMSARNIR
GETA FENGIÐ SÉR SÍNA EIGIN ÍBÚÐ!



SENDU SMS **BTC SMS**
Á NÚMERIÐ 1900!

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU SIMS TÖLVULEIKIR,
DVD MYNDIR, FULLT AF PEPSI, TÖLVULEIKIR,
DVD... OG MARGT FLEIRA!

12
HVER VINNURI!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb, 149 kr/skeytið.



Avril ekki of kynþokkafull

Kanadíska söngkonan Avril Lavigne hefur loks fengið leyfi til að halda tónleika í Malasíu, en þeir höfðu áður verið bannaðir þar sem söngkonan þótti of kynþokkafull.

Avril Lavigne hafði áformað tónleika í Malasíu 29. ágúst, en fyrr í mánuðinum lýsti ríkisstjórnin því yfir að þeim yrði aflýst – að stóru leyti vegna þess að þeir þóttu ekki við hæfi einungis tveimur dögum fyrir þjóðhátíðardag Malasíu. „Það samræmist ekki anda þjóðhátíðardagsins. Ef við leyfum tónleikana vinnur það gegn því sem við erum að undirbúa fyrir þjóðhátíðardaginn,“ sagði fulltrúi menntamálaráðherra um ákvörðunina, sem var tekin eftir að ungliðahreyfing bókstafstrúarhóps mótmælti tónleikunum á grundvelli þess að Lavigne væri „of kynþokkafull“. „Við viljum ekki að fólkíð okkar, unglingarnir okkar, verði fyrir áhrifum frá sýningunni. Við viljum snyrtilega listamenn, listamenn sem eru góðar fyrirmyndir,“ sagði fulltrúi þeirra. Listamönnum sem heimsækja Malasíu eru settar nokkrar reglur. Þeir þurfa meðal annars að klæðast fötum sem hylja þá frá öxlum til hnjáa, og fötin mega ekki vera skreytt óviðeigandi myndum, eða myndum tengdum eiturlyfjum. Listamenn mega ekki heldur öskra, hoppa, faðmast eða kyssast á sviði. Hvað Avril hefur gert til að sannfæra yfirvöld um að hún sé ekki of kynþokkafull, eða hætt að öskra, er ekki vitað, en hún lýsti því yfir að hún hefði fengið grænt ljós á tónleikana. „Ég er nú þegar búin að selja tíu þúsund miða þarna, svo ég mun syngja fyrir aðdáendur mína,“ segir Lavigne. „Ég hef fengið grænt ljós frá ríkisstjórninni og ætla bara að halda sýningu og skemmta mér vel,“ segir hún.



SYNGUR Í MALASÍU Avril Lavigne hefur loks fengið grænt ljós frá ríkisstjórn Malasíu um áformaða tónleika þar í landi.

NORDICPHOTOS/GETTY

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Mánudagur 25. ágúst 2008

→ Viðburður

20.00 Norræn samvinna – 1978

Þar sem 40 ár eru liðin frá vígslu Norræna húsins, stendur þar yfir fjölbreytt dagskrá til 1. september. Í kvöld mun Björgvin G. Sigurðsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, ræða um norrænt samstarf. Þorbjörn Broddason prófessor segir frá stöðu Norræna hússins árið 1978 og fram til dagsins í dag. Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson flytja vinsæla dægurtónlist frá áttunda áratugnum.

→ Stuttmyndir

Reykjavík Shots&Docs Heimildar- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37.

15.00 Mini Panorama heimildarmyndir

17.10 Los Angeles Plays Itself

22.00 USA vs. Al-Arian Miðasala opnar kl. 14.30. Nánari upplýsingar á <http://www.shortdocs.info>

→ Ljósmyndir

Ragnheiður Arngrímsdóttir er með ljósmyndasýninguna „**Hvað ætlar þú að verða**“ á Ráðhústorgi á Akureyri. Sýningin verður til 31. ágúst.

→ Myndlist

Hlynur Hallsson er með yfirlits-sýningu sem samanstendur af eldri og nýrri verkum. Sýningin stendur yfir til 28. september. Nýlistasafnið, Laugavegi 26. Opnunartími mán.-fös. 10-17, lau. 12-17.

→ Myndlist

Steingervingar Elín Edda Árnadóttir sýnir kolateikningar í Studio Stafni, Ingólfsstræti 6. Opið alla daga frá 12-17.



→ Sýning

Ljós í myrkri Sýning á nýjungum í raflýsingu og hönnun í húsi Orkuveitunnar. Sýningin stendur til 26. september og er opin frá 9-16 alla virka daga.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Nýtt í bíó

LAUGARÁS **BÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE ROCKER
★★★★★
7

GET SMART
★★★★★
L

MUMMY 3
★★★★★
12

WALL-E
★★★★★
L

SÝNINGARTÍMAR

THE ROCKER	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	7
GET SMART	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	L
WALL-E – ISLENSKT TAL	kl. 3.30 og 5.45	L
MUMMY 3	kl. 8	12

SAMBÍÓNN

Saga George Lucas heldur áfram
CLONE WARS
Upplifðu Star Wars eins og þú hefur aldrei gert áður

Ekkí missað af skemmtilegustu gamannmynd sumarsins
GET SMART
★★★★★
L

STERSTA OPINUN Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR
THE DARK KNIGHT
★★★★★
L

Yfir 60.000 manns

ÁLFABAKKA	SELFÖSS
STAR WARS kl. 3:40D - 5:50D - 8 - 10:20 L	STAR WARS kl. 5:40 - 8 L
GET SMART kl. 5:50 - 8D - 10:20D L	GET SMART kl. 8 - 10:20 7
THE MUMMY 3 kl. 5:50 - 8 - 10:20 12	MAMMA MÍA kl. 5:40 síð. sýn. L
DARK KNIGHT kl. 5 - 8 - 10:20 12	DECEPTION kl. 10:20 14
DARK KNIGHT kl. 5 - 8 VIP	AKUREYRI
WALL-E m/isl. tali kl. 3:40 L	STAR WARS kl. 6 - 8 L
MAMMA MÍA kl. 3:40 - 5:50 - 8 L	GET SMART kl. 8 - 10 L
KUNG FU PANDA m/isl. tali kl. 3:40 L	WALL-E, m/isl. tali kl. 6 L
KRINGLUNNI	THE MUMMY 3 kl. 10:20 12
GET SMART kl. 8D - 10:20D L	KEFLAVÍK
STAR WARS kl. 6:20D L	STAR WARS kl. 5:45 - 8 L
DARK KNIGHT kl. 8:30 sýnd í sal 1 vegna eftirspurnar 12	GET SMART kl. 8 - 10:20 L
WALL-E m/isl. tali kl. 5:50D L	WALL-E m/isl. tali kl. 5:45 L
WALL-E m/ensku tali kl. 5:50 - 8 - 10:10 L	THE BANK JOB kl 10:10 16

NÝTT Í BÍÓ!

Geggið gamannmynd frá leikstjóra Fuli Monty
THE ROCKER
★★★★★
7

TIL AÐ FINNA SANNLEIKANN VERÐUR ÞÚ AÐ TRÚA!
THE LOST FILES
★★★★★
16

SKRAPP ÚT
★★★★★
12

MAMMA MÍA!
★★★★★
L

WALL-E
★★★★★
L

MUMMY
★★★★★
12

THE DARK KNIGHT
★★★★★
12

THE STRANGERS
★★★★★
16

SMÁRRA BÍÓ Sími 564 0000

THE ROCKER	kl. 5.40 - 8 - 10.20	7
X-FILES	kl. 8 - 10.20	16
SKRAPP ÚT	kl. 3.30 - 8 - 10	12
THE LOVE GURU	kl. 4 - 6	12
WALL-E ISL. TAL	kl. 3.30D - 5.45D	L
MAMMA MIA	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L
THE MUMMY 3	kl. 3.30D	12

HÁSHÖLA BÍÓ Sími 530 1919

THE ROCKER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	7
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 6 - 9	12
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

SUMARTILBOÐ

X-FILES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
LOVE GURU	kl. 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

X-FILES	kl. 6 - 8 - 10.10	16
MAMMA MIA	kl. 6 - 8 - 10.10	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **midí.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

smárabíó, laugarásbíó, háskólabíó, borgarabíó, regnboginn.

Landsbankinn

* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námkort í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannabjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

Múm notar hljóðnema úr skriðdrekahlutum

Tónlistarmaðurinn Gunnar Örn Tynes dvaldist í sumar í hinum afskekktu Galtarvita á Vestfjörðum, en vinnur nú að upptöku nýjustu plötu hljómsveitarinnar Múm – þar sem meðal annars er notast við hljóðnema úr skriðdrekahlutum.

Tónlistarmaðurinn Gunnar Örn Tynes dvaldist í sumar um nokkurt skeið í hinum afskekktu Galtarvita á Vestfjörðum. Gunnar, sem er meðlimur í hljómsveitinni Múm, segist hafa farið að Galtarvita reglulega frá árinu 2001 til að vinna að tónlist og njóta lífsins. „Óli vinur minn keypti vitann fyrir átta árum síðan og hafði hugsað sér að nýta híbýlin sem stað þangað sem listamenn og aðrir geta komið og unnið að tónlist, við skriftir eða bara notið náttúrunnar. Umhverfið við vitann er ólýsanlegt og það er erfitt að lýsa þeirri stemningu sem þar er, maður er bara ótrúlega einn í heiminum og gjörsamlega tímalaus,“ segir Gunnar. Meðan á dvölinni stóð vann Gunnar að safnplötu sem á að vera til styrktar vitanum. „Ég var í vitanum í mánuð og bauð fullt af fólki að koma og vera með mér. Við unnum svo grunnvinnu að þessari styrktarplötu en kláruðum þau ekki því við ætlum að fá fleiri tónlistarmenn til að vinna með lögin. Hugmyndin er svo að gera þetta á tveggja ára fresti héðan í frá. Það er nefnilega ýmislegt sem þarf að laga og bæta og Óli hefur ekki endalaust fjármagn til þess.“

Gunnar er nú komin aftur suður til þess að klára nýjustu plötu hljómsveitarinnar Múm en við upptöku plötunnar notaðist hljómsveitin meðal annars við hljóðnema búinn til úr varahlutum úr gömlum skriðdrekum. „Ég var á tónleikaferðalagi og hitti þá manninn sem smíðar þessa hljóðnema úr varahlutum. Hljóðneminn lítur eiginlega út eins



GUNNAR OG HLJÓMSVEITIN MÚM Eru að leggja lokahönd á nýja plötu.

og lampi frekar en hljóðnemi og hljóðið sem kemur úr honum er gamalt, lítið hljóð með suði og er mjög fallegt. Smiðurinn varaði okkur þó við að ferðast mikið með hann því þessi málmblanda er helst notuð í hernaðarskyni og getur því komið manni í vandræði,“ segir Gunnar að lokum og minnir á að þeir sem hafi áhuga á að dvelja á Galtarvita geta haft samband við eigandann í gegnum galtarviti.com.

sara@frettabladid.is



HLJÓÐNEMINN Hann er smíðaður úr skriðdreka varahlutum.

Safnplata frá Foo Fighters



FOO FIGHTERS Rokkaramir í Foo Fighters ætla að gefa út safnplötu í nóvember.

Dave Grohl og félagar í Foo Fighters ætla að gefa út safnplötu með sínum bestu lögum 10. nóvember. Á plötunni, sem nefnist einfaldlega The Best Of, verða einnig tvö ný lög og kemur annað þeirra út á smáskífu 27. október.

Ekki hefur verið gert opinbert hvaða lög verða á plötunni en slagarar á borð við My Hero, Everlong, Learn to Fly og Times Like These eru líklegir kandidatar. Foo Fighters hafa gefið út sex plötur á ellefu ára ferli sínum. Sú síðasta, Echoes, Silence, Patience & Grace, kom út í fyrra.

AC/DC gefur út Black Ice

Fyrsta plata rokkaranna í AC/DC í átta ár nefnist Black Ice og kemur út 20. október. Fimmtán lög verða á plötunni sem fylgir á eftir Stiff Upper Lip sem kom út árið 2000. Til að fylgja plötunni eftir ætlar AC/DC í tónleikaferð um heiminn sem hefst seint í október. Fyrsta smáskífulagið, Rock N'Roll Train fer í útvarps-spilun í lok ágúst.

Auk nýju plötunnar er væntanlegur í næsta mánuði DVD-mynddiskurinn No Bull: The Director's Cut sem var tekinn upp á tónleikum í Madrid árið 1996.



AC/DC Rokkaramir í AC/DC ætla að gefa út sína fyrstu plötu í átta ár.

Saman á ný



LEIÐA SAMAN HESTA SÍNA Justin vill syngja með Britney á nýrri plötu hennar, en þau sjást hér saman árið 2000.

NORDICPHOTO/GETTY

Britney Spears og fyrrverandi kærasti hennar, Justin Timberlake, munu ná saman á ný í dúett á nýjustu plötu Britneyjar.

Parið átti að syngja saman á síðustu plötu hennar, Blackout. Söngkonan skrópaði hins vegar í hljóðverið, þar sem Timbaland og Justin biðu hennar. Justin lýsti þá yfir miklum áhyggjum af vinkonu sinni og vildi allt fyrir hana gera til að koma söngferli hennar aftur í samt form. Nú horfir aftur allt til betri vegar hjá Britney.



> Ekkert silfur fyrir þjálfarana

Sá einkennilegi háttur er í handbolta-keppni Ólympíuleikanna að aðeins leikmennirnir fá verðlaun. Þjálfarar og aðrir aðstoðarmenn fengu ekki einu sinni að stíga á pall og urðu að fylgjast með verðlaunaafhendingunni úr fjarlægð. Algjörlega óskiljanlegt enda er lið lítið án hæfra þjálfara og aðstoðarmanna. Mátti sjá að Guðmundur landsliðsþjálfari og aðrir sem áttu svo sannarlega skilið silfur í gær voru nokkuð svekkir með þessa tilhögun mála.

sport
sport@frettabladid.is



GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON: SETTI HÁLEIT MARKMIÐ STRAX EFTIR UMSPILIÐ VIÐ MAKEDÓNÍU

Að rifna úr stolti fyrir hönd íslensku þjóðarinnar

Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson var stoltur maður eftir að hafa stýrt liði sínu til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum.

„Þetta er alveg ótrúlegt dæmi og ég hef aldrei upplifað annað eins á ævinni. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegur tími en jafnframt erfiður. Hver einasti leikur hefur verið úrslitaleikur hjá okkur. Svo kom leikur í dag þar sem við vorum búnir að vinna silfur en að keppa um gullið. Það vantaði ekkert upp á viljann hjá okkur en það sem fór úrskaiðis voru skotin. Omeyer varði stórkostlega og við máttum ekki misnota þessi færi,“ sagði Guðmundur sem hafði lagt tapið til hliðar.

„Það er sérstök tilfinning að tapa leik en taka á móti silfri á Ólympíuleikum. Ég er að rifna úr stolti fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Við höfum frétt af öllum stuðningnum heima



og erum mjög þakklátir fyrir hann. Þetta er með hreinum ólíkindum.“

Í kjölfar þess að Ísland tryggði sig inn á ÓL féll liðið úr leik í umspili fyrir HM gegn Makedóníumönnum. Það kom gríðarlega á óvart og var reiðarslag. Strax þá setti liðið markið hátt fyrir Peking.

„Við settum okkur háleit markmið strax þá. Það var að fara á pall herna en við ákváðum að tala ekkert um það. Við fylgðum þessu síðan eftir í allt sumar með markvissum æfingum. Það tóku allir þátt í því af heilum hug. Þessir strákar eru ótrúlega miklir fagmenn,“ sagði Guðmundur sem vildi ekki æða framtíð sína með landsliðinu en samningur hans við HSÍ er runninn út. Hann sagði næst á dagskrá að faðma fjölskyldu sína.

Sverre Jakobsson hrærður:

Silfur líka fallett

PEKING 2008 „Þetta er búið að vera mjög sérstakur dagur. Við vorum í stærsta leik sem hægt er að komast í í handboltanum og ætluðum að njóta hans. Ætluðum reyndar að veita Frökkunum meiri samkeppni en svona er þetta stundum,“ sagði varnarjafliinn Sverre Jakobsson sem hefur átt frábæra leiki á mótinu.

„Við getum verið stoltir og gáfum allt sem við áttum hér í Peking. Stundum er það samt ekki nóg. Silfur er samt líka fallett og við erum stoltir af því. Ég er mjög hrærður á þessari stundu. Þetta er æðislegt,“ sagði Sverre sem ætlar að gefa áfram kost á sér í landsliðið. - hbg



ÞRÍR Á PALLI Snorri Steinn með Ólafi og Guðjóni Vali en þeir voru allir valdir í úrvalslið leikanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snorri Steinn Guðjónsson:

Verð alltaf stoltur af þessu

PEKING 2008 „Það eru auðvitað blöndnar tilfinningar að hafa fengið silfur skömmu eftir að hafa tapað stærsta leik lífs síns. Þegar maður lítur til baka verður maður alltaf stoltur af þessu. Það er í raun leiðinlegt að þetta þurfi að taka enda,“ sagði miðjumaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson sem hefur farið hamföllum í Peking og haldið áfram að stimpla sig inn sem einn besti miðjumaður heims.

„Það var erfitt fram að verðlaunaafhendingu en ég hresstist þegar ég steig upp á pallinn. Það eru sárafáir íþróttamenn sem fá að upplifa þá tilfinningu. Að vera fyrsta íslenska handboltalandsliðið til að fara á pall á stórmóti og það á Ólympíuleikum er gæsaúð,“ sagði Snorri. - hbg

Það er freistandi að hætta núna

Ólafur Stefánsson lék líklega sinn síðasta landsleik fyrir Íslands hönd í gær og yfirgaf svo sviðið með langþráðum verðlaunum af Ólympíuleikum. Hann segir að strákarnir eigi að vera stoltir og elska sjálfan sig.

PEKING 2008 Langþráður draumur Ólafs Stefánssonar varð að raunveruleika í gær þegar hann tók á móti verðlaunum á Ólympíuleikum. Þessi einhver merkasti íþróttamaður íslenskrar íþróttasögu var enn að melta hvað hefði gerst hér í Peking er blaðamaður Fréttablaðsins settist niður með honum í gær.

„Ég var búinn að vera hálfðófinn síðustu mínútur. Eftir einhverja klukkutíma fer ég eflaust að átta mig á hvað hafi gerst. Þessi árangur er staðfesting á því að þær hugsanir og tilfinningar, sem og aðgerðir, sem ég hef verið að draga að mér síðustu ár, hafa verið í lagi og hafa skilað einhverju. Ég er eiginlega stoltastur af því,“ sagði Ólafur dreyminn en hann segist hafa lært mikið síðustu ár.

Að samræma huga og kenningar

„Mér hefur tekist að samræma huga minn og kenningar við nákvæmlega það sem ég er að gera í stað þess að það væru átök. Hér áður taldi ég þetta hafa verið þrjú svið. Fjölskylda mín sem ég þarf að rækta, síðan taldi ég mig hafa minn heim sem eru bækur og annað og svo loks atvinnan mín. Núna tókst mér að samræma hugann minn við starfið eða landsliðið réttara sagt. Þetta er búið að vera frábært þannig. Á endanum snerist þetta ekki bara um að ná í medalíuna. Fyrir mig var þetta miklu meira, að birta hugsanir, sjá þær gerast og geta það,“ sagði Ólafur.

Það dylst engum hér í Peking að það hefur verið einstakur andi og stemning yfir liðinu; einhver ára sem erfitt er að útskýra.

Ákveðnir óvæntir hlutir

„Það eru ákveðnir óvæntir hlutir sem hafa gerst sem hafa stór áhrif á þessa niðurstöðu. Þar er ég meðal annars að tala um Didda [Ingimundur Ingimundarson] sem kemur frábær inn í vörnina með Sverre. Ofan á það kemur markvarslan hjá þeim félögum sem eru að taka fimmtán bolta að meðaltali. Það hefur vantað og þetta eru óvæntustu og gleðilegustu þættirnir sem hafa breyst í okkar leik. Ef Vignir hefði ekki meiðst þá hefði Diddi kannski ekki komið. Ef Birkir hefði ekki meiðst



SILFUR Í HENDI Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson sýnir Ólympíusilfur Ólafs Stefánssonar.

í fótbolta á æfingu hefði Björggi kannski ekki fengið tækifæri gegn Spánverjum sem síðan varð til þess að hann kom hingað. Það varð kannski til þess að við tókum silfur. Ég er ekkert að hallmæla Birkir en svona geta litlir hlutir oft breytt miklu í einhverri niðurstöðu,“ sagði Ólafur og hrósar liðsfélögum sínum.

„Hver einasti maður í þessu liði sem fékk medalíu á hana algjörlega skilið og var fullkomlega með í ferðalaginu. Það voru allir að dreifa jákvæðum anda og fimmtándi maðurinn Bjarni Fritzson líka.“

Ólafur segist hafa lært mikið á þessari vegferð og uppgötvað nýja hluti.

„Ég sagði við strákana að nota þetta til þess að vera virkilega

stoltir af sjálfum sér. Vera glaðir og sáttir. Elska sjálfan sig. Við eigum að finna fyllinguna en ekki vöntunina. Finna hver maður er. Þegar maður er sáttur við sjálfan sig getur maður byrjað að gefa orku og það vil ég að við gerum. Við í landsliðinu erum tákn fyrir möguleika þess að geta búið til hetju úr sjálfum sér ef maður dregur að sér réttu hlutina, óskar sér þess nógu mikið, hugsar jákvætt, sér hlutina fyrir sér og þá er lífið bæklingur sem maður getur valið úr. Það er eitthvað sem ég hef öðlast í þessari ferð og það finnst mér merkilegast af öllu,“ sagði Ólafur heimspekilegur að vanda.

Er hættulega sáttur

Þrálátur orðrómur er um að Ólafur hafi verið að leika sinn síðasta

landsleik í gær en sjálfur hefur hann ekkert viljað tala um það. Hann er orðinn 35 ára og langt í næsta stórmót hjá landsliðinu.

„Við sjáum hvað gerist. Það er samt hægt að orða það þannig að ég er hættulega sáttur. Ég er sáttastur við að hafa brotið medalíumúrinn og vonandi opnað einhverjar flóðgáttir. Strákarnir eru núna fullir sjálfstrausts og vita hvað þarf til að ná árangri. Það er vissulega freistandi að hætta núna og það gæti vel gerst,“ sagði Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði.



HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifur frá Peking
henry@frettabladid.is

KOSTAR EKKI NEMA NEITT



Nemakortið gerir nemendum á framhalds- og háskólastigi kleift að ferðast endurgjaldslaust á umhverfisvænan og þægilegan hátt.



Nemendur með lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Álftanesi eiga rétt á Nemakortinu skólaárið 2008-2009.



Sæktu um Nemakort á www.strætó.is



Til hamingju strákar!

Nú baðar öll þjóðin sig í silfurljóma. Við þökkum strákunum okkar fyrir ótrúlega góða frammistöðu.

Kaupping er stoltur styrktaraðili landsliðsins í handbolta.



KAUPPING

Hugsum lengra



LÉK Á ALS ODDI Það var gaman að fylgjast með Loga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Logi Geirsson var léttur: Stærsta stundin í mínu lífi

PEKING 2008 „Þetta sumar og andrúmsloftið í hópnum er engu líkt. Við höfum byggt upp stemningu, slátrað liðum og komumst í úrslit á Ólympíuleikunum. Það er einstakt,“ sagði fallbyssan Logi Geirsson, stoltur með silfrið.

„Það tekur enginn þetta silfur frá okkur. Við unnum fyrir þessu og eigum það skilið. Frakkarnir voru samt betri en við í dag. Það viðurkenni ég fúslega. Eftir leikinn stóð ég dofinn og sagði svo við Ásgeir Örn: Sjáðu maður, þetta er alveg fáránlegt. Þetta er eins og að maður sé að vakna úr draumi. Hann var hjartanlega sammála. Þetta er stærsta stundin í mínu lífi,“ sagði Logi.

- hbg

Omeyer stóð í vegi fyrir gullinu

Íslendingar þurftu að játa sig sigraða gegn ógnarsterkum Frökkum en uppskeran er silfur á Ólympíuleikum sem er stórbrotinn árangur. Í liðinu er ótrúlegt fólk sem hefur skráð nöfn sín í sögubækurnar.

PEKING 2008 Frakkar unnu Ólympíugullið á sanngjarnan og sannfærandi hátt er liðið lagði Ísland með fimm marka mun, 28-23. Það var rétt í byrjun leiks sem hann var spennandi en eftir stundarfjórðungsleik höfðu Frakkar náð fimm marka forystu, 9-4, og þá forystu létu þeir aldrei af hendi. Strákarnir okkar börðust dátt en það dugði ekki til.

Annars er tilgangslaust að segja mikið frá leiknum. Það sáu hann allir á Íslandi. Lykillinn að sigri Frakka var ógnarsterkur varnarleikur og stórbrotin markvarsla Thierry Omeyer sem varði líkt og óður væri.

Það er engin skömm að tapa fyrir þessu franska liði. Strákarnir okkar hafa sýnt í þessu móti að þeir eiga heima á meðal þeirra bestu. Þeir hafa lagt þá bestu á leið sinni í úrslitin og geta vel lagt lið eins og Frakkland á góðum degi.

Uppskeran er silfur á Ólympíu-



AÐ LEIÐARLOKUM Guðmundur Guðmundsson, Ólafur Stefánsson og Sigfús Sigurðsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍSLAND-FRAKKLAND 23-28 (10-15)

Mörk Íslands (skot): Ólafur Stefánsson 5 (11/1), Arnór Atlason 4 (8), Snorri Steinn Guðjónsson 4/3 (6/4), Logi Geirsson 3 (8), Guðjón Valur Sigurðsson 3 (10), Alexander Petersson 2 (5), Róbert Gunnarsson 1 (2), Sigfús Sigurðsson 1 (2).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 12 (33/1) 36%, Hreiðar Levý Guðmundsson 1 (8/1) 13%.

Hraðaupphlaup: 5 (Róbert, Guðjón, Arnór, Logi, Sigfús).

Fiskuð viti: 5 (Róbert 2, Arnór, Guðjón, Sigfús).

Utan vallar: 6 mínútur.

Mörk Frakka (skot): Nikola Karabatic 8 (9), Bert rand Gille 5 (7), Luc Abalo 4 (5), Cedric Burdet 4 (7), Michael Guigou 3/1 (4/1), Daniel Narcisse 2 (11), Joel Abati 1 (1), Olivier Girault 1/1 (2/1).

Varin skot: Thierry Omeyer 24/2 (44/4) 55%, Daouda Karabou 1 (4/1) 25%.

Hraðaupphlaup: 4. **Utan vallar:** 8 mínútur.

leikum sem er stórbrotinn árangur. Ég ætla að leyfa mér að stórfast um að þessi árangur verði hreinlega toppaður. Svo stórkostlegur er hann.

Til að ná slíkum árangri þarf allt að ganga upp og sú var raunin hér í Peking. Samstilltur hópur leikmanna, hjálfara og aðstoðarmanna í bland við jákvæðan hugsunarhátt og trú á eigin getu fleytti liðinu á pall í Peking. Engin minnimáttarkennd, ekkert kjaftæði. Bara jákvæðni og sjálfstraust.

Liðið mun í kjölfar þessara leika ganga í gegnum einhverjar breytingar. Sú stærsta væntanlega sú að Ólafur Stefánsson hættir að leika með liðinu. Hann er einstakur leikmaður og skarð hans verður ekki fyllt svo auðveldlega. Engu að síður er liðið skipað fleiri frábærum leikmönnum og breiddin sem hefur vantað er loksins komin. Sem og trúin á að liðið geti náð hæstu hæðum.

Í lokin vil ég aftur endurtaka aðdáun mína á leikmönnum liðsins

sem og þeim sem að liðinu koma. Ótrúlegt fólk sem hefur skráð nöfn sín í sögubækurnar. Ég tel mig mæla fyrir hönd margra er ég segi: Takk kærlega fyrir ævintýrið, gleðina og allar minningarnar. Áfram Ísland.



HENRY BIRGIR GUNNARSSON Skrifar frá Peking henry@frettabladid.is



Við óskum íslenska handboltalandsliðinu innilega til hamingju með árangurinn á Ólympíuleikunum

salon rit2

Laugavegur 66, 2.h. Sími 552 2460



EITT AF 43 Guðjón Valur Sigurðsson varð þriðji markahæstur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðjón Valur Sigurðsson ætlar að passa medalíuna: Einn merkasti áfanginn í sögu liðsíþróttar

PEKING 2008 „Það eru víst allir íþróttamenn að elta gull en tilfinningin að fara á pall er auðvitað frábær. Þetta er þínu erfitt eftir slakan leik en ég er að reyna að hugsa sem minnst um leikinn og reyna að njóta þess að við höfum náð einum merkasta áfanga í sögu liðsíþróttar,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson með þungan og glæsilegan silfurpening um hálsinn.

„Við erum auðvitað mjög stoltir af þessum árangri. Við töpuðum fyrir betra liði í úrslitaleiknum. Annars vil ég bara tala um hvað maður er gladdur og jákvæður og gaman að heyra að allt sé á

hvolfi heima. Það er vonandi að fólk heima sé hamingjusamt, jákvætt og hafi notið dagsins,“ sagði Guðjón en hann hefur notið dvalarinnar í Peking til hins ýtrasta og mun seint gleyma þessari ferð.

„Þetta hefur verið frábært og alveg ótrúlega gaman. Það hafa allir í hópnum lagt sitt lóð á vogarskálarnar. Nú fer maður að tjúna sig upp og reyna að gera sér grein fyrir því hvað við vorum að afreka hérna,“ sagði Guðjón en ætlar hann að sofa með medalíuna? „Ég veit það ekki en hún fer klárlega ekki langt frá mér.“

- hbg

Enska úrvalsdeildin í gær:

Glæsimark Deco

FÓTBOLTI Portúgalinn Deco tryggði Chelsea 1-0 sigur á Wigan og áfram fullt hús á toppi ensku úrvalsdeildarinnar þegar hann skoraði eina mark leiksins beint úr aukaspyrnu á 4. mínútu. Elano skoraði tvö mörk og Daniel Sturridge eitt í 3-0 sigri Manchester City á West Ham en áður hafði Micah Richards, Man. City, verið fluttur á sjúkrahús. - 66j

Formúla 1 á Spáni:

Massa vann

FORMÚLA 1 Brasilíumaðurinn Felipe Massa hjá Ferrari vann öruggan sigur á Valenciakappakstrinum í gær en keppt var á nýrri götubraut. Massa komst með þessum sigri upp í annað sætið en Lewis Hamilton hjá McLaren, sem varð í 2. sæti er efstur í keppni ökomanna. Robert Kubica á BMW Sauber varð síðan þriðji. - 66j

ÁGÚST TILBOÐ

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI



16BLS
2 GLÆSILEGIR
BÆKLINGAR
STÚTFULLIR AF
TILBOÐUM



**500GB
FLAKKARI**

500GB flakkari með
USB2 og eSATA tengi
fyrir hámarks hraða!

9.990



**2GB
MINNISLYKILL**

Flottir Disney minnis-
lyklar með ól, eru líka
handhæg lykklakippa

1.990



ASPIRE

- Intel Celeron M560 2.13GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 80GB 5400RPM diskur
- 15.4" WideScreen skjár
- 0.3MP vefmyndavél
- Hvergi á betra verði!

54.900



OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

